

# DAGBÓKARBROT MÍN

Jódís Jónsdóttir  
1927-2012



## Árbækur Leynifélagsins Sex eða Ferðafélagsins Framsóknar

Ég hafði yndi af að skrifa og árið eftir skrifaði ég aðra árbók og nú var búið að stofna nýtt félag. Það hét Leynifélagið Sex. Árbókin byrjar á skýrslu og þar segir að þetta félag sé sama félagið og Ferðafélagið Rannsókn. Skipt hafi verið um nafn. Jafnframt hafi orðið geysilegar beytingar á félaginu. Það sé nú skipulagt þannig að Jódís og Þorbjörg séu formenn, en Ármann og Árni gjaldkerar. Auk þess séu í félaginu Sveinn Jónsson og Jónas Þorgrímsson. Síðan segir að vikið hafi verið úr félaginu þremur mönnum, Péttri Einarssyni, Sigurði Jónssyni og Braga Stefánssyni. Þóttu þeir óáreiðanlegir. Félagsmenn þurfi að vera í hálfgerðu bindindi, þannig að þeir megi ekki neyta víns né tóbaks nema í hófi. Félagsmenn eigi að safna jurtum til pressunar svo að félagið eignaðist dálítið jurtasafn. Hér á eftir eigi að liggja eftir félagsmenn, hvert ár, tvær árbækur með teikningum, kvæðum og sögum sem eigi að vera eftir félagsmenn, og jurtasafn eins vel frá gengið og hægt er.

Þessar árbækur, sem orðnar eru 65 ára, á ég enn og einnig jurtasafn sem eru pressaðar jurtir, merktar og límdar á blokkarblöð. Þau eru síðan fest saman með rauðu bandi og slaufu. Þarna gætir áhrifa föður míns, sem vakti athygli okkar á jurtunum og sagði okkur nöfn þeirra. Fleiri árbækur eða jurtasöfn urðu hinsvegar ekki til og félagið lognaðist útaf, þrátt fyrir góð og göfug markmið.

Seinni árbókin, sem skrifuð er árið 1940, sýnir mikla framför, enda var ég nú komin á þrettánda ár. Þarna eru teikningar sýnu skárri en áður, frumsamin saga og vísur eftir mig, vinnukonurnar (sem voru margar skáldmæltar) og pabba.

Síðan kemur biðilsbréf til Siggú Sigurðar, sem var heldur óásjáleg vinnukona í Ási, einn vetur. Bréfið er eftir mig og Helgu á Ingveldarstöðum, en hún var hjá okkur árið 1938. Hún var flugskáldmælt. Biðilsbréfið var uppspuni, sem Sigga sá aldrei, en sýnir aldarandann og þá glettni og kerskni - í anda Þuru í Garði - sem sveif yfir æskuheimili mínu þegar best lét.

Strönd, Mývatnssveit 1938.

### Kæra Sigríður!

Ég hefi aldrei orðið var við þá tilfinningu í brjósti mínu, sem kallast ást fyrr en í vetur að ég heyrði að þú ætlaðir norður í Kópasker. Þegar ég hefi séð þig svona oft þá hef ég ekkert fundið til þessarar kenndar, en þegar ég ekki átti að sjá þig vetrarlangt þá vaknaði sú brennandi ást í brjósti mér til þín að þó ég sé orðinn roskinn og ráðinn þá er ég ekki þess megnugur að bæla hana niður. Ég er ekki sá maður sem lætur tilfinningarnar hlaupa með sig í gönur og er þetta því af einlægum huga gert að klóra

Þessar línur í þeirri von að þú svarir sem fyrst og það játandi. Ég vonast eftir því að þú komir heim í sveitina í vor. Við bræður höfum ekkju neðan úr Bárðardal í vetur, en ég býst við því að hún fari frá okkur í vor og þá þurfum við að fá góða stúlku til að vera fyrir búinu hjá okkur. Ef ég nú fæ æskilegt svar frá þér, þá giftum við okkur svo fljótt sem við getum eftir að þú kemur uppeftir. Það er best að láta það ekki bíða því að við erum bæði komin á þann aldur að við getum líklega ekki átt marga erfingja, en síður vildi ég láta þessar reitur mínar til vandalausra því að ég hefi dálítið að bjóða þér uppá, ég meina að ég er dálítið stöndugur. Þú fyrirgefur mér þessa fljótfærni mína að ég skyldi ekki geta beðið þangað til að þú kemur uppeftir, en það kemur til af því að mér gengur betur að nefna þetta bréflega en munnlega. Óska að fá svar sem fyrst.

Virðingarfyllt,  
Sigurður Jóhannesson

### Laxableikar vasabækur

Umskipti voru nú orðin hjá okkur systkinunum. Við sváfum ekki lengur öll á kvistinum. Anna og Jórunn voru farnar, fóstura þabba dain og nú var meira svefnpláss. Bræður mínir voru fluttir í herbergi við hliðina á kvistinum og ég fékk mitt eigið rúm í fyrsta sinn frá fæðingu. Fram að þessu hafði ég sofið hjá mömmu - í hennar parti af hjónarúminu - sem hefur sennilega verið 75 cm að breidd. En við vorum báðar mjóar. Ég var flutt inn í norðurherbergið, en þar voru vinnukonurnar. Ég tók fullnaðarpróf úr barnaskóla um vorið og fékk 10 í lestri og 9.04 í aðaleinkunn. Ég var hæst, en þótti ekki neitt sérlega til þess koma og það bætti ekki sjálfstraustið. Fjölskylda Björns kaupfélagsstjóra á Kópaskeri trónaði á toppnum og því varð ekki breytt. Að vísu hafði mamma oft áður sagt frá því með aðdáun að Anna systir mín hafi verið hærri en sonur Björns á barnaprófi, en það var aldrei talað um að ég hafi slegið við dóttur Björns, enda fannst mér það ekki skipta máli.

Ég hélt áfram að skrifa. Mér voru gefnar laxableikar vasabækur sem ég notaði til að halda því til haga sem uppá kom hverju sinni. Þetta var gamall og nýr kveðskapur og frásagnir af alls kyns uppákomum, eins og óteljandi hrekkjum okkar systkinanna. Á heimilinu ríkti skáldskaparhefðin úr Mývatnssveitinni í bland við áhugamál mömmu, sem sökkta sér niður í handavinnu - trú sínum skagfirski uppruna. Kvenfélagið Stjarnan hafði fengið konur til að halda námskeið í ýmsu sem gagnaðist húsmæðrum, og þar á meðal var kennt að vefa. Mamma, sem fram að þessu hafði setið við að baldýra, sauma og þrjóna, féll alveg fyrir þessari nýjung og keypti sér forláta vefstól sem settur var upp í stásstofunni. Við hlið Mönster Tidende kom nú tímaritið Hlín, sem ritstýrt var af Halldóru Bjarnadóttur, þjóðkunnri konu. Þarna var að finna allan fróðleik um þessa skemmtilegu iðju, eins og hvernig hægt væri að lita band með jurtalitum og indigó lit, sem var fallega blár litur, framkallaður með því að safna hlandi í tunnu, sem geymd var í fjósinu, og setja þar í blátt litarefni. Í Hlín var einnig kennt að gera alls kyns mynstur og rýjateppi, dúka, servíettur og kjólefni.

### Vinnukonur

Eftir að ég flutti úr kvistinum í norðurherbergið til vinnukvennanna fór ég að gefa þeim meiri gaum en áður. Fram að þessu höfðum við í strákagenginu gjarnan haft þann sið að kvelja þær og hrekkja, en nú var ég skyndilega komin inn í þeirra heim. Í Ási voru vinnukonur sjálfsagður hluti af heimilisfólkinu og skáru sig ekki úr. Mamma hafði vanist því frá barnæsku að hafa slíka hjálp og var þeim góð og þakklát.

Stúlkurnar höfðu fram að þessu verið flestar úr héraðinu, bændaættur sem ekki fengu að halda áfram í skóla. Það eina sem þeim bauðst, var að fara í vist, þar til þær fundu sér mann. En um það leyti sem ég flutti í norðurherbergið kom Lóa. Hún kom með Esjunni og var framandi eins og allt sem kom þá leiðina. Með henni var dóttir hennar Bebbu - á fyrsta ári. Lóa var í steingrárri dragt, með pilsu sem náði niður á miðja kálfa, og síðum jakka. Ég horfði hugfangin á hana. Engin af stúlkunum okkar úr sveitinni hafði átt svona flott föt og þau fengu að hanga inni í gestaherberginu. Lóa hét Blómey Stefánsdóttir og dóttirin Sigríður. Faðir hennar hét Sívert og var færeyskur. Ég man ekki hvaðan þær komu eða hvers vegna tekin var stúlka með barn, það hafði ekki gerst áður. En ég held að Imma, frænka mömmu á Siglufirði, hafi útvegað hana og kannski hafi verið erfitt að fá stúlkur úr héraðinu á meðan mesta móðursýkin vegna Jörunnar gekk yfir.

Allt heimilisfólkið elskaði Bebbu og það birti yfir heimilislífinu. Lóa hafði sterka nærveru sem meðal annars kom fram í því að hún ein, og án stuðnings annarra, gat fengið glasið á andaborðinu til að dansa milli stafanna. Það dugði henni að styðja bara einum fingri á glasið. Þetta var kúnt sem aðrir þátttakendur í þessari afþreyingu, sem var mjög vinsæl á þessum tíma, léku ekki eftir. Andaborðið var látið standa á borði í herberginu okkar, og oft notað - ekki síst af Lóu, sem átti mörg og löng einkasamtöl við andann.

Kvöld eitt breyttist allt. Það hafði verið samkoma á vegum kvenfélagsins og eins og venjulega við slík tækifæri, fór öll fjölskyldan á hana. Lóa var þó eftir með Bebbu. Þegar heim kom fór ég rakteitt upp í herbergi okkar. Þar var þá Lóa í rúminu og hjá henni langur, nakinn karlmaður. Þessi uppákoma, sem var fáheyrð á Kópaskeri, var jafn framandi og allt annað í fari þessarar konu, sem hafði komið siglandi í stað þess að koma landleiðina úr sveitinni. Þetta olli miklu uppnámi - ekki síst vegna þess að maðurinn þótti ekki gæfulegur. Hann hét Óskar Magnússon og var sonur svokallaðs Merar Manga sem átti víða börn. Óskar hafði því verið settur í fóstur og var alinn upp í sárustu fátækt. Hann var hár og grannur, líkamlega vel byggður, en þekktur skaphundur og mjög sérlundaður. Hann var vetrarmaður á Snartarstöðum og hóf nú umsátur um konuna. Ég veit ekki hvort hún hefur ráðfært sig við einhvern annan en andann í borðinu, en svo fór að Óskar gekk á fund þabba og sagði upp vistinni fyrir hennar hönd. Þabbi var ekki síður skapmikill og neitaði að leyfa Lóu að fara. Eða þá að Bebbu yrði að minnsta kosti skilin eftir og að þau mamma tækju hana að sér. Á meðan þetta samtal átti sér stað, með allmiklum hávaða, sýndu bræður mínir samstöðu sína með þabba með því að pissa í skóhlífar Óskars, en þær stóðu í anddyrinu fyrir framan apótekið. Við Lóa vorum aftur á móti í herberginu okkar. Hún stóð við andaborðið og glasið þaut með flughraða yfir pappírinn og ég horfði á - án þess þó að vita hvað andinn sagði. En það varð þó ljóst því Lóa pakkaði saman föggum sínum, fór með Óskari og tók Bebbu með sér. Og ég sat ein eftir við andaborðið og hugsaði um andann, hver hann væri, og hvort hann hefði ráðið henni heilt. Það kom síðar í ljós. Svo undarleg og óblíð urðu örlög hennar að þau hafa verið skráð í bækur og blaðagreinar.

Lóa fór með Óskari til Reykjavíkur og giftist honum í Dómkirkjunni. Þau voru þar tvö ein með prestinum og konu hans. Lóa var, að eigin sögn, ekki hrifin af Óskari og varð það aldrei, en þegar hún játaðist honum, vissi hún að þannig yrði það af hennar hálfu þar til dauðinn aðskildi þau. Þau voru sárafátæk og hún fékk fljótlega berkla og fór þá á Vífilsstaði. Heimilið leystist upp og hún þurfti að láta barnið frá sér. Síðan var hún hoggin, það var hræðileg aðgerð, en henni batnaði að mestu. Þegar hún kom heim hafði Óskar reist kofa inni í Blesugróf. Henni fannst kofinn ömurlegur, en gat ekkert að

gert og þau bjuggu þar í 30 ár. Þá varð kofinn að víkja fyrir nýju skipulagi. Óskar var mikill kommúnisti, og þegar húsið var af honum tekið, þáði hann ekki blokkaríbúð sem þeim var boðin. Hann kaus að byggja nýtt hús, í þetta sinn uppi á Helligheiði - fjarri mannabygðum. Lóa samþykkti að búa þar með honum þangað til hún yrði sjötug. Þetta var torfbær og hún bjó þarna við ömurleg kjör í níu ár - án rafmagns eða rennandi vatns.

Óskar og Lóa eignuðust einn son sem Óskar nefndi Hallmar Stálöld. Hann fór á sjóinn. Kvöld eitt þegar hann var staddur í landi, eitthvað við skál, bankaði hann upp á hjá Bebbu hálf systur sinni og vildi komast inn. En hún var þá með samkvæmi og kærði sig ekki um fleiri gesti. Honum var úthýst og ráfaði hann þá í ráðaleysi frá Höfðaborg og niður að Höfða og lagðist þar undir vegg. Hann fannst örendur næsta morgun og hafði þá frosið í hel. Hann náði 23ja ára aldri.

### Lífið á Ási 1940

Á meðan hinar ýmsu siðferðisnefndir létu móðan mása gekk lífið sinn gang í Ási. Þótt ég væri nú orðin einskonar staðgengill syndugrar systur minnar, í augum góðra framsóknarmanna, hélt ég áfram að vera ein af strákunum. Við vorum saman njörvuð - þessi fjögur systkini sem mamma hafði eignast á sex árum - og sváfum öll í kvistinum ásamt foreldrum okkar. Við vorum fyrirferðarmikil og því var á heimilinu svokölluð símaklukka, en hún var klukkustund á undan öðrum klukkum. Fyrir vikið var fyrr hægt að setja okkur í rúmið og þar ólmuðumst við þangað til þungt fótatak heyrðist í stiganum. Mamma var að koma og allt datt í dúnalogn.

Við lékum okkur saman og sitt í hverju lagi. Strákarnir að heimasíðuðum bílum sem Addi reyndist snillingur í að búa til, enda varð hann seinna trésmiður. Ég átti dúkkur, fékk alltaf eina nýja á hverjum jólum í von um að ég sýndi af mér einhver dúlluleg stelpuviðbrögð, en það brást. Ég tók kurteislega á móti hverri nýrri dúkku og kynnti hana fyrir þeim sem fyrir voru, flestar lemstraðar og laskaðar eftir strákaleikina. En mér þótti vænt um þær og datt ekki í hug að henda neinni þeirra. Við spiluðum mikið á spil; Svarta Pétur, Vist og spil sem hét Hjónasæng og var afar vinsælt, en ég man ekki hvernig var. Svo bættist Matador við.

Og við áttum athvarf sem aldrei brást. Það voru Snartarstaðir. Þangað fórum við stundum oft á dag. Við tifuðum stuttum fótum þennan litla spöl, yfir mýrina sem var mógröf okkar, hinna bæjanna og Kópaskers. Mórinn var reyndar kallaður svörður í Núpasveit og var helsta eldsneytið - ásamt kolum. Umhverfis mýrina stóðu þrír kofar. Bjössakofi var í eigu kaupfélagsstjórans, Árnakofi var eign verkamannsins og Siggakofi tilheyrði Snartarstöðum. Þarna var mórinn geymdur og þar var líka athvarf fyrir þör þegar böll voru í skólahúsinu. Geitakofi var fjær, en hann átti Jón gamli Magnússon sem var í húsmennsku á Snartarstöðum og bjó þar ásamt Önnu konu sinni og tveimur börnum. Ég skil reyndar ekki hvar pláss var fyrir allt þetta fólk. Jón var viðræðugóður og kom stundum í heimsókn og fékk kaffi. Hann var með yfirvararskegg og ég starði á hann þegar hann hellti kaffinu á undirskálina til að kæla það. Hann saup það úr skálinni og saug síðan kaffið úr skegginu. Bróðir Jóns var rithöfundurinn Jón Trausti sem reyndar hét Guðmundur og hafði skrifað mjög fallega og mikið lesna skáldsögu sem hét Halla og heiðarbýlið. Hún fjallaði um örlög móður þeirra bræðra.

Húsfreyjan á Snartarstöðum var ekkjan Guðný Guðnadóttir. Hún var elskuleg kona, feitlagin og hin rólyndasta. Hún umbar okkar af kristilegum kærleika. Hún bjó með tveimur sonum sínum, liðlega tvítugum, og dóttur sem þótti lítil í sér og ekki til stórræðanna. Það varð því mikill fögnuður þegar hún giftist Helga, syni Jóns Magnússonar. Hann var dugnaðarmaður og þau eignuðust brátt barn sem var fyrsta barnabarn sambýliskvennanna Guðnýjar og Önnu. Guðni, elsti sonur Guðnýjar, hafði byggt nýbýlið Hvol í túninu og var kvæntur konu sem hét Halldóra Halldórsdóttir. Hún var tíu árum eldri en hann, mögur og mjóróma, en hjónaband þeirra var afar farsælt. Guðný tengdamamma var tólf árum eldri en Halldóra og þær voru miklar vinkonur. Þær voru reyndar bræðradætur, báðar komnar út af Kristjáni í Leirhöfn, en hann var afi þeirra beggja.

Á Snartarstöðum kynntumst við lífshlaupi sauðkindarinnar sem stóð undir allri tilveru fólksins í héraðinu. Þarna var stórt fjárbú. Túnið var ekki stórt, en kindurnar voru settar á fjörubeit fyrir norðan Kópasker á vetrum og vetrarmaður gætti þeirra í kulda og hrolli. Við fylgdumst með öllu stússinu í kringum féð af óslökkvandi forvitni. Við stálumst til að kíkja þegar hleypt var til á veturna, horfðum á þegar ærnar voru baðaðar upp úr illþefjandi legi til að losa þær við færilýsnar, vorum við sauðburðinn, fylgdumst með þegar lömbin voru mörkuð og þegar hrútarnar voru geltir. Síðan voru kindurnar rúnar og þeim sleppt. Um haustið fórum við í réttirnar og horfðum að lokum á eftir lömbunum inn á bekkinn í sláturhúsinu. Þar var sett á þau helgríma og slegið á þannig að járnfleinn gekk inn í heilann. Síðan voru þau skorin á háls. Ekkert af þessu snerti tilfinningalífið. Þetta ferli allt var eins eðlilegt og að draga andann, því að það var í fullkomnu samræmi við starf föður okkar; fæðingu, líf og dauða.

En bestu vinir okkar í blíðu og stríðu var fjölskyldan í Garði, en Garður var nýbýli úr landi Brekku. Þar bjó Þorgrímur Ármannsson, bóndasonur frá Hraunkoti. Hann kom yfir Reykjaheiðina, lágvaðinn og snaggaralegur, og krækti í einkadóttur Guðmundar í Garði. Hún hét Guðrún og var blíðleg kona, en dálítið fötluð. Hraunkotsmenn, sem ekki var pláss fyrir á æskuheimilinu, höfðu einstakt lag á því að ná sér í heimasætur sem höfðu ráð á jörð. Það góða var að þær voru ekki sviknar af þeim, því þeir reyndust góðir bændur og eiginmenn. Þorgrímur lét strax til sín taka. Á næstu þrettán árum eignuðust þau hjón sjö börn; fimm stráka og tvær dætur. Eldri dóttirin, Þorbjörg, en kölluð Lilla, var tveimur árum yngri en ég. Þessi litla frænka mín var lengi eina vinkonan sem ég átti á Kópaskeri.

Brátt varð of þröngt um fjölskylduna í Garði. Þá varð það þeim til happs að á prestssetrinu að Presthólum sat afar umdeildur prestur og átti í sífelldum útistöðum og málaferlum við sveitunga sína. Hann var látinn fara og sóknin sett undir Skinnastað í Öxarfirði. Þorgrímur fékk jörðina þegar hún losnaði og fjölskyldan fluttist þangað - og þar með leikfélagarnir.

Garð keyptu hjónin Einar og Kristín. Hún var frá Grjótnesi. Einar var fámæltur maður, en Stína afar félagslynd og stundaði það sem kallað var í Núpasveit að flækjast á bæjum. Það þótti ekki gott, en hún bætti úr með því að ganga þrjónandi á milli húsa. Það sýndi að hún lét ekki verk úr hendi falla þótt það færi ekki endilega fram heima hjá henni. Þau áttu tvö börn; Vilborgu sem var tveimur árum yngri en ég og Pétur sem var jafnaldri og vinur yngri bræðra minna. Við Villa vorum saman án þess að mikil tengsl mynduðust á milli okkar. Hún var með á sínum snærum tvo unglingsstráka sem vildu fá að prófa manndóminn á okkur og hvatti hún mig til að taka þátt í þeim leik. Mér líkaði alls ekki þessi hugsunarháttur og fékk algera skömm á. Þar við bættist að

Kristín, sem var mikil gæðakona, hafði tekið inn á heimilið einstæðingskonu sem var alltaf grálúsug og ekki viðlit að fá hana til að aflúsa sig. Við vorum því sífellt að fá lús, sem ekki var gott mál.

## Ferðafélagið Rannsókn

Við systkinin héldum áfram að umgangast frændfólk okkar, sem nú var flutt í Presthóla, og létum okkur ekki muna um að ganga þangað þótt það væri talsvert langt að fara. Og eftir frostkaldan vetur, þegar útvarpsstjóramálið hafi riðið húsum eins og hver annar draugur, gengu þessi frændsystkini í lið með okkur og við stofnuðum Ferðafélagið Rannsókn - í laut einni í Presthólhrauni. Það var fjórtánda dag maímánuðar 1939. Stofnendur voru Sigurður, Jódís, Árni og Sveinn frá Ási; Þorbjörg, Ármann og Jónas frá Presthólum; Pétur í Garði og síðan Bragi Stefánsson frá Arnarstöðum. Bragi var í Brekku, en fólkið þar hafði tekið hann að sér eftir að móðir hans dó. Hann varð síðar mikilsmetinn bílavíðgerðarmaður Boga Þórðarsonar. Ármann, sem var jafnaldri Sveins bróður, var kosinn formaður; ég varaformaður, en aðrir í stjórninni voru Lilla og Addi. Við Siggí vorum elst í þessum hópi sem samanstóð að mestu af vinum yngri bræðra minna. Þetta félag var stofnað að undirlagi okkar Lillu, þótt ég vildi ekki vera formaður, frekar en síðar á ævinni. En ég skrifaði nokkurs konar árbók félagsins. Þar eru teiknaðar klaufalegar myndir af félagsmönnum og birtir dæmigerðir krakkabrandarar.

## Unglingaskólinn 1940

Þarna lauk dagbókarskrifum Rósu, og það blasti við að henni fyndist heimilislífið í Ási ekki upplífandi - svo ekki sé meira sagt. Kannski hefur það verið rétt. Pabbi var örþreyttur og vonsvikinn og mamma hataði Kópasker eins og pestina. En við Rósa urðum góðar vinkonur og hún sætti sig við orðinn hlut. Ég varð 13 ára í október þetta ár og var farin að skynja að líf mitt sem hrekkjóttur strákur í hópi bræðranna var brátt á enda. Við tæki stelpuveröld. Í norðurherberginu, þar sem ég svaf, stóð forláta spegill á kommóðu við gluggann. Hann var í bogadregnum ramma sem var á hjörum og skúffa undir. Og dag einn settist ég fyrir framan spegilinn. Hvít birta kom inn og ég horfði á andlit mitt framan frá og frá hlið. Mér líkaði það ekki, en ákvað að sættast við stóra nefið mitt og allt hitt fyrir fullt og allt. Og það hefur staðið. Þetta er bara svona.

Eftir að barnaprófinu lauk hafði ég tekið á mig skyldur til jafns við vinnukonurnar, en framtíð mín var óráðin. Um haustið var ákveðið að ég færi í unglingaskóla í þrjá mánuði upp úr áramótum og síðan átti ég að fermast. Ég keypti fleiri laxableikar vasabækur og ákvað að halda dagbók og hana á ég enn. Hún hófst 17. janúar 1941, en það var annar dagur minn í unglingaskólanum. Kennari í byrjun var Sigurður Björnsson, eiginmaður Halldóru kennara, en síðar tók systir hans við, og að lokum systir Halldóru. Við vorum ellefu; fimm strákar og sex stelpur. Þetta var samtíningur hvað varðaði aldur og búsetu. Þrjú voru af Sléttunni. Þaðan var fegurðardrottningin Aðalheiður (Allí) frá Oddsstöðum, móðursystir Árna Péturs þess sem síðar giftist Önnu Dóru frænku minni. Hún var í eldri hópnum. Þá var það Helga frá Núpskötlum, nágrenni Allíar og einlægur aðdáandi hennar. Hún var jafnaldra okkar Diddu. Þá Björn Guðmundsson frá Grjótnesi, en hann hafði alist þar upp hjá afa sínum og ömmu meðan foreldrar hans bjuggu á Kópaskeri. Faðir Björns var nú búðarmaðurinn, en móðir hans var systir Bjarna Böðvarssonar, landskunns hljómsveitarstjóra, sem við heyrðum leika danslögin í útvarpinu á laugardagskvöldum. Sonur hans er Ragnar

Bjarnason dægurlagasöngvari. Frá Kópaskeri komu Didda, dóttir Björns kaupfélagsstjóra, og fóstursystur hennar tvær; Lóló var eldri og gerðist síðar mikil vinkona Sigga bróður; og Kidda sem varð síðar kona Árna á Bakka. Við Siggi komum úr Ási; Kalli úr Brekku þar sem hann var í tímabundnu fóstri; Mundi frá Presthólum; Þorkell (Keli) úr Kelduhverfi, en hann var þar í fóstri og nokkuð eldri en við hin.

Úr þessum samtíningi, sem samanstóð af þremur kennurum, sex unglíngum úr venjulegum fjölskyldum, og fimm meira eða minna munaðarlausum fósturbörnum, myndaðist mjög góður og samheldinn hópur. Hver sem tilgangur þessa skóla hefur verið í upphafi, þá varð hann að einskona félagsmálaskóla, æfingu í mannlegum samskiptum. Skólinn hófst á því að okkur var sagt að við ættum að setja upp leiksýningu í lok tímabilsins, og við vorum látin velja leikrit og leikendur. Söngkennari var í Núpasveit á þessu tímabili og við tókum þátt í kórstarfi hans. Nefndir voru skipaðar til að sinna ýmsum verkefnum, böllum slegið upp þegar tækifæri gafst, og fótbolti var ákaft stundaður þegar viðraði. Við vorum saman nánast öll kvöld og um helgar, ef ekki við að æfa eitthvað, þá í heimsóknum. Ástarmálin blómstruðu hjá eldri krökkunum. Allí náði í hjartaknúsarann Silla á Bakka og Lóló í Didda á Hvoli (kjörson Guðna og Halldóru). Þau urðu síðar hjón. Didda og Björn Guðmundsson byrjuðu að draga sig saman og úr því varð ástarævintýri sem fékk raunalegan endi. Sonur búðarmannsins var ekki á óskalista kaupfélagsstjórans yfir tengdasyni og það var stórt í Birni. Björn varð síðar flugstjóri.

Keli, en ég man ekki hjá hverjum hann bjó á Kópaskeri eða annars staðar, gerðist húsgangur í Ási. Hann kom fyrst til að heimsækja Rósu, sem hann þekkti úr Kelduhverfi, en síðan mig og Sigga. Keli var lítill og ljótur, en fjörugur og skemmtilegur og sýndi mér mikinn áhuga. Það kitlaði hégómagirndina og hressti uppá minnimáttarkenndina. Mamma fékk áfall með tilhreyrandi reiðiköstum í byrjun við þessa óvæntu innrás einskona vonbiðils, en jafnaði sig með tímanum. Ég var nefnilega hvorki hrifin af Kela né nokkrum öðrum stráku á þessum tíma. Ég umgekkst þá á jafnréttisgrundvelli eins og bræður mína, vildi láta þá veita mér athygli, en ekki söguna meir. Á fyrstu tíu árunum hafði ég verið gerð að eins konar þátttakanda í afspyrnu vondu hjónabandi og þar var karlinn ávallt talinn sökudólgurinn. Og þrisvar sinnum höfðu ungir menn ráðist að sakleysi mínu, sem ég átti heimtingu á að fá að hafa í friði. Að vera ástfangin var því í mínum huga ávísun á varnarleysi og kúgun. Valdbeiting Jónasar útvarpsstjóra gegn Jórunni systur minni, og afleiðingar hennar fyrir fjölskyldu okkar, bættu heldur ekki úr skák.

## **Skólaleikrit og ball fram á morgun**

Ég féll inn í hópinn og naut hvers dags. Tíundaði í dagbókina allt sem skeði. Birna frænka frá Ferjubakka kom og leysti mig af við húsverkin meðan ég var í skólanum. Elskhugi Rósu var mættur á svæðið og hún var með honum öllum stundum. Ég tók þátt í öllu sem fram fór af miklum krafti, hvort sem það var fótolti eða að skúra eftir böll. Þann 1. mars skall á hið versta veður. Við vorum á söngæfingu á Kópaskeri, en komumst heim við illan leik. Símalínur og loftnet slitnuðu og margir staurar brotnuðu. Þann 10. mars var svo ákveðið að við færdum upp leikritið sem búið var að æfa. Sett var upp sena í skólastofunni sem jafnframt var samkomusalur sveitarinnar. Og laugardaginn 15. mars rann stóri dagurinn upp, samkvæmt dagbókinni:

“Kennslan hætti um hádegi í dag. Vorum að undirbúa til kl. 3 e.h., æfðum generalprufuna til hálf fimm, fórum svo heim að baða okkur. Fór fram eftir kl. hálf átta. Lékum, það tókst sæmilega, brotnaði lampi og kviknaði í gluggatjöldum, við stelpurnar uppvörtuðum. Ballið hætti hálf sex. Við þvoðum salinn, eldhúsið og borðstofuna, ganginn og stigann. Fór heim kl. hálf sjö. Samkoman tókst vel, fólkið var fjörukt og ánægt. Ballmiðarnir voru svona áletraðir: U.N.V.S. 15/3. Skildu fáir skammstöfunina. Ég var svo þreytt að ég fékk blóðnasir í svefninum eins og alltaf þegar ég er alveg búin að yfirbuga mig.”

Minna var um að vera eftir að æfingar á leikritinu hættu. “Strákarnir Siggi, Mundi, Björn og Keli eru nú orðnir óvanalega kirkjuræknir,” segir í dagbókinni þann 4. apríl, “en áður var það klósettið. Þeir fara nú daglega sér til hressingar upp á ískalt loftið, svífa milli sólarinnar og jarðarinnar. Á endanum hálsbrjóta þeir sig. Hvílkir asnar. Við förum í bolta daglega. Það versta sem mér finnst við það að skólinn endar er að þá getur maður aldrei framar farið í fótbolta því að þá verður maður að fara að vera svo kvenlegur. Svei því alla daga.”

Fimmtudagurinn 10. apríl var síðasti dagurinn í skólanum. Páskarnir voru að byrja. Krakkarnir gengu skrúðgöngu frá skólanum niður á Kópasker, en ég var ekki með. Litlu stelpurnar fylgdu mér. Nú var búíð að uppnefna fjórmeningana á kirkjuloftinu Strompa. Á laugardaginn bárust þær fréttir að þeir væru grunaðir í þjófnaðarmáli. Ég hellti mér í lesturinn fyrir prófin, sem áttu að fara fram þann 15.

## Vorprófin

Mánudaginn 14. apríl, annan í páskum, skrifa ég: “Ég hef setið inni í allan dag og lesið svo að höfuðið á mér ætlar að springa. Ég hef vanrækt bækurnar hroðalega og finn fyrst nú hve afskaplega maður geldur þess fyrir prófið að lesa illa um veturinn. Mér finnst svo létt að lesa þá kafla sem ég hef lært vel í vetur. Fyrst að ég get svona lítið sagt um daginn í dag ætla ég að segja dálítið um þjófamálið okkar hérna, sem nú er á hvers manns vörum, og ganga margar en misjafnar sögur um. Það hefur verið farið inn í búðarkjallarann á Kópaskeri, eða þá upp á loft á gamla Björnshúsi, og stolið þar 72 öflflöskum, eign knattspyrnu- og ungmennafélagsins. Svo hefur líka verið talsverðu stolið af sigarettum, sumu spillt og pökkum dreift út um allt gólf. Grunurinn fellur alltsvo á Strompana, og aðallega af því, að þeir hafa haft bækistöð sína uppi á loftinu, og fólki finnst vera farið svo klaufalega að þessu, að börn hljóti að hafa gert þetta. Einnig hefur verið brotin rúða og stolið kandís.”

“Próf fór fram á þriðjudag og byrjaði klukkan 8. Fyrst var tekin fyrir reikningur, svo Íslandssaga, mannkynssaga og félagsfræði. Þessu var öllu slengt saman. Svo var náttúrufræði.” Þá segi ég í dagbókinni góðu að ég hafi verið orðin svo rugluð og þreytt að ég vissi ekkert í minn haus, var með höfuðverk og að drepast, enda búin að lesa of mikið og sofa of lítið. Segist vita að ég fái ekkert á þessu prófi. Annar prófdagurinn byrjaði ekki glæsilega því að ég var með afskaplegan höfuðverk. Skrifuðum stíl fram að mat. Í matarhléi var talað um þjófnaðarmálið og við vorum öll alveg eyðilögð yfir þessu. Daginn eftir fengum við prófmiðana. „Ég hef aldrei á ævi minni verið eins lítið spennt fyrir að fá prófmiða” segi ég í dagbókinni “og er það líklega af því að ég hélt að ég fengi svo lítið.” Ég var hæst og sló við Munda frænda sem var vanur að vera hæstur. Þegar búíð var að afhenda einkunnaspjöldin talaði Sigurður kennari við okkur



út af þjófnaðarmálinu. Hann var ósköp góður og elskulegur og ekkert var gert í málinu. Svo fylgdum við Sléttukrökkunum út að Núpi og komum heim klukkan 7.

Nú var gamanið búið og hversdagurinn tók við. Enn var verið að dytta að húsinu. Ingvar og Ingibjörn voru á háaloftinu að einangra það með heyi. Ég var á kafi í húsverkunum ásamt Rósu.

23. apríl segir í dagbókinni: “Erum að ljúka við kjallarann í dag. Ingibjörn er að mála hillurnar í apótekinu með yndislegum grasgrænum lit. Sást flugvél héðan. Hún flaug í vesturátt í hring yfir sveitina. Máski ætla þýskarar að fara að skjóta á okkur sakleysingjana úti á Íslandi. Í dag er síðasti vetrardagur og vika síðan skólinn var búinn. En hvað ég sé eiginlega eftir skólanum og öllum krökkunum, sem voru svo ólík, og sómdu sér þó svo vel. Fyrst og fremst er Lóló, sem er aldursforseti okkar stelpnanna, svo mömmuleg og leggur alltaf gott til málanna, fljótmælti Kidda, sem alltaf þenur sig, Allí sem er fegurðardrottningin og ríkir með harði hendi yfir strákunum, Didda sem alltaf er hlajandi, en stundum verður reið, en sakleysið uppmálað og gerir alla strákana vitlausa í sér. Helga með fýluna. Helga sem er algert núll og bara það sem Allí er og svo ég. Svo er Kalli með stóra nefið, Keli sem alltaf hermir eftir, hinn virðulegi Björn, forvitni Sigggi, og Mundi með hlajandi allt andlitið. Við verðum fræg fyrir þrennt. Fyrir leti, fyrir það hvað okkur kemur vel saman, og fyrir þjófamálið.” Eitthvað hefur komið uppá eftir þessa dagbókarfærslu því að síðan er bætt við skjálfandi hendi: “Helgi sagðist hafa heyrt að ég hafi tekið sjö stráka á löpp í skólanum. Fréttastofan hefur víst allgaman af að útbreiða fallegar sögur um mig. Éti þau skít, mér er alveg sama þó að þúsund sögur komi, ég er nógu kaldrifjuð.”

### Ég sjálf og skólasystkini mín

Þessi dagbókarfærsla er dálítið merkileg. Ég lýsi skólasystkinunum og gef þeim nær öllum jákvæðar einkunnir, nema sjálfri mér, sem er kaldrifjuð eins og flögðin í skáldsögunum. En ég átti lýsingu af mér frá þessum tíma - því við vorum öll látin skrifa mannlýsingar í skólanum. Allí skrifaði mína: “Hún er stór eftir aldri, samsvarar sér nokkuð vel, hefur langa frekar granna fingur, en stirðlega. Andlitið er stórskorið og fer því betur á roskinni manneskju. Augun eru grá, dálitlir pokar fyrir ofan þau og nokkuð þykkir hvarmar. Augabrýrnar eru breiðar og öftustu hárin nærri hvít. Nefið er stórt, munnurinn nærri því beinn, með svolitlum vikjum á efri vörinni, sem kippast upp og niður þegar hún þarf að stilla sig um að hlæja. Annars er munnurinn oftast opinn og augun nærri því lokuð og tungan úti á milli tannanna svo sést í hana milli varanna. Hárið er skolleitt, ójafnt að aftan, slétt, frekar þykkt. Hún á bággt með að vera í friði, voða krakki og hefur meira gaman af að vera með yngri krökkum en jafnöldrum sínum. Ég hugsa að það stafi af lönguninni til að vera foringi. Hún er með flatan breiðan rass og mjóar kúptar herðar og mjókkar upp eins og þriggja pela flaska.”

Þetta er nöpur lýsing og það tók á að vera jákvæð í þessu andrúmslofti. Ég gekk ekki með það í maganum vera foringi og ég vildi ekki endilega vera með yngri krökkum, en mér bauðst einfaldlega ekki annað. Ég var komin í fullorðinshlutverkið og reyndi eftir bestu getu að gera það sem til var ætlast af mér, hvort sem það var að skila góðu prófi, eða vera eins konar aðstoðarhúsmóðir á æskuheimilinu.

## Leirhöfn & Hraunkot

[Ás er] staðsettur á hæð fyrir ofan þorpið og á milli er tjörn, sem heitir Kotatjörn. Ás er nyrsti bærinn ofan við Kópasker. Síðan koma Snartarstaðir, þá Garður, en syðst er Brekka og stendur uppi á hól. Þar mun vera huldufólk. Kirkja og skólahús voru síðan byggð kringum 1930 í Snartarstaðalandi. Bændurnir Jón á Brekku, Guðmundur í Garði og Árni á Bakka voru bræður, en Ingimundur bóndi á Snartarstöðum var bróðursonur þeirra.

Inn í hina sterku Brekkuætt, sem ríkti í þessu litla samfélagi, blandaðist síðan Hraunkotsætt og þá fyrst og fremst afkomendur Kristjáns Þorgrímssonar bónda á höfuðbólínu Leirhöfn. Leirhöfn er syðsti bær á Sléttu og stendur rétt norðan við Reistarnúp.

Kristján var fæddur í Hraunkoti árið 1819 og var yngsti bróðir Guðrúnar föðurömmu pabba. Hann giftist árið 1843, Halldóru Guðnadóttur, og á næstu 20 árum áttu þau hjón 12 börn og þar við bættist eitt framhjatökubarn Kristjáns. Yngsta barnið fæddist árið 1865, en þá bjuggu þau í Sveinungavík í Þistilfirði. Það var fimmta jörðin sem þau sátu frá því að þau hófu búskap. Halldóra var nú orðin 42 ára og blessunarlega komin úr barneign og nú fóru þau að rétta úr kútnum. Þau keyptu Leirhöfn og fluttu þangað árið 1874. Halldóra dó fimm árum seinna. Kristján var samt ekki af baki dottinn, krækti sér í unga konu og 65 ára hóf hann barneignir á ný. Á næstu tíu árum eignuðust þau sex stælda syni. Afkomendur Kristjáns dreifðust um sveitir Norður Þingeyjarsýslu. Guðný Guðnadóttir, kona Ingimundar bónda á Snartarstöðum, var sonardóttir Kristjáns. Guðni, sonur Guðnýjar, giftist síðan Halldóru Halldórsdóttur - sem einnig var sonardóttir Kristjáns. Þau byggðu nýbýlið Hvol í landi Snartarstaða. Guðmundur bóndi í Garði og kona hans áttu aðeins eina dóttur; Guðrúnu sem var ljúf kona, en dálítið fötluð.

## 1942-1943

Með þessu rausnarlega boði pabba að kosta mig til stúdentsnáms lauk óvissunni og líf mitt komst í fastar skorður. Ákveðið var að ég læsi heima veturinn 1942-43 og færi í skólann um haustið, upp í annan bekk, en á undan voru tveir bekkir, undirbúningdeild og fyrsti bekkur. Pabbi kenndi mér þýsku, ensku og íslensku, og ég tók þátt í fjarkennslu sem var þá í útvarpinu. Ég var nú ráðsettarí en áður, en var hætt að halda dagbók, svo að atburðir vetrarins eru hvergi skráðir. Aðeins til mynd af tíu blómarósum, íklæddum stuttbuxum og bolum, og einum leikfímkennara í miðjunni. Fyrir framan hann liggur svartur hundur með hvítan kraga. Fætur þátttakenda eru misvel lukkaðar af hálfu skaparans, en kennarinn var mikill sjarmör og varð síðar þekktur sem slíkur.

Í byrjun árs 1943 bárust tvönn tíðindi að sunnan. Fyrst að Jórunn systir mín væri ólétt og ætlaði að koma heim um sumarið og eiga barnið hjá pabba og mömmu. Það var væntanlegt í júní. Tíðindi númer tvö voru þau, að Anna Jónsdóttir var líka ólétt, og hafði laumast til Borgardómara í Reykjavík og gefist þar ástvinu sínum og barnsföður. Hann hét Ólafur Jóhann Sigurðsson og var bláfátækt skáld og kreppukommi. Hann var alinn upp í Grafningi og hafði barnungur gefið út tvær bækur; "Við Álftavatn" og "Um sumarkvöld". Þær fengu afar lofsamlega dóma. En að Anna skyldi mánuði fyrir 25 ára afmælið sitt giftast þessum mjóa eignalausum kommúnista, borgaralegri giftingu, vakti

engan fögnuð. Við vorum sjálfstæðisfólk eins og frændur okkar Pétur Halldórsson borgarstjóri og Jón Þorláksson forsætisráðherra, og forfeður mömmu höfðu verið prestar og biskupar man fram af manni. Anna bar höfuð og herðar yfir okkur systkinin og þetta var mikið áfall. Hún kom með eiginmanninn í heimsókn um sumarið. Pabbi tók honum kurteislega. Verr gekk með mömmu og þar gréri aldrei um heilt. Þau stóðu stutt við.

Jórunn kom heim og eignaðist dreng 14. júní. Hann var fæddur í aukarúminu á kvistinum og við fengum að sjá hann fæðast. Veðrið var fagurt og við systkinin ákváðum að ganga á Valþjófsstaðafjall og horfa á miðnætursólina. Þetta var nokkuð löng ganga, en á heimleiðinni mættum við manni sem við bjuggumst ekki við að sjá. Þetta var Sverrir, maður Jórunnar, sem hafði komið um eftirmiðdaginn. Hann sneri við og gekk með okkur heim. Ég var hissa á að hann skyldi vera þarna, þessi 34 ára maður sem var að eignast sitt fyrsta barn. Hann gekk hljóður og hugsði við hlið okkar, ofurlítið álútur, var nærsýnn og ýtti gleraugunum upp með vísifingrinum, eins og til að geta skyggst betur inn í óræða framtíð. Hve mín framtíð var líka óræð vissi ég ekki á þessari stundu, og ekki fyrr en ég fann bréf eftir lát mömmu sem hún hafði geymt í 40 ár. Það var frá skólástjóra Verslunarskólans og fer hér á eftir.

### 15 ára, suður með rútu 1943

Ég var nú orðin 15 ára og fór suður með rútu. Pabbi fylgdi mér einn vegspottann frá Ási niður á þjóðveginn, og kvaddi mig við rútna. Ég var að fara að heiman til frambúðar, og allt í einu sá ég hann í öðru ljósi en venjulega. Ekki sem pabba sem var einkonar stofnun, heldur manninn. (Ekki sem pabba heldur mann). Ég horfði á hann og hugsaði: "Mikið voðalega er hann þreyttur".

Ferðin suður tók tvo daga, og það sem ég man af henni, voru áhyggjur mínar af því hvort ég væri mjög sveitaleg, því að mér fannst fólkíð á Akureyri gjóa augunum á fótabúnað minn. Það voru grófir leðurklossar, reimaðir upp fyrir ökla, og þar yfir voru brotnir hnausþykkir handprjónaðir ullarsokkar. Það þótti fínt á Kópaskeri, en ég var ekki viss um að þetta gengi í Reykjavík. Mér til léttis leit enginn á lappirnar á mér þegar þangað kom. (Mér fannst ég vera laus við smásjána).

Mér hafði verið komið fyrir hjá Jórunni, Sverri og nýfæddum Gunnari Ægi í Kirkjustræti 8B. Húsið var stórt gamalt timburhús og þau bjuggu á fyrstu hæð. Á annarri hæð bjó móðir Sverris, feitlagin gömul kona, ásamt ógiftri dóttur sinni, sem annaðist hana. Faðir Sverris hét Magnús og var læknir á Hofsósi. Hann dó ungur, en hélt víst áfram að lækna gegnum Einar á Einarstöðum. Í kjallaranum var efnagerð sem Sverrir rak ásamt bræðrum sínum.

Eftir þrengslin í Ási fannst mér íbúð Jórunnar einhvern veginn alltof stór, of hátt til lofts og tómlegt. Þau áttu ekki mikið af húsgögnum, en í stofunni hékk stórt málverk af Jökulsárgljúfrum, málað af Sveini Þórarinssyni. Þetta var brúðargjöf frá pabba og mömmu, en mamma keypti það síðar, þegar Jórunni vantaði peninga, og gaf það enn seinna Gunnari Ægi. Ég svaf í stofunni, en inn af henni var hjónaherbergi. Mig minnir að eldhúsið hafi verið lítið og jafn kuldalegt og allt hitt.

## Dansæfingar

Mér leið ekki vel heima og sótti mikið út. Fór að fara á dansæfingar í Versló og Iðnskólanum, sem voru saklausar samkomur í skólunum, og síðan á Borgina, en þar var dansað frá klukkan níu til hálf tólf á kvöldin. Þetta var ódýr skemmtun með góðri hljómsveit og stelpur fengu að sitja við lítil kringlótt borð við dansgólfið, með litla kók, og dansa við þá sem buðu þeim upp. Sigga var með mér, og þetta var upplifun fyrir mig, nýkomna úr sveitinni. Ég var eins og tryppi, barnaleg og full af orku. Ég daðraði, vangaði og leyfði strákum að fylgja mér heim, en þar voru mörkin. Þeir voru sætir og myndarlegir, og ég var himinlifandi yfir því að þeir skyldu bjóða mér upp. Sjálfs-traustið var ekki mikið, fremur en venjulega. En ég var líka hrædd við þá, var ekki skotin í neinum og eignaðist ekki fastan vin.

Veturinn leið og mamma var búin að ná tókum á framleiðslunni [fyrir norðan, væntanlega]. Barnanærfötin seldust vel, og í stað gólfmottanna sem hún hafði ætlað sér að vefa, en seldust ekki, óf hún jafa til útsaums. En tók mín á náminu höfðu slaknað. Mig vantaði næðið og aðstæðurnar til að einbeita mér að lestrinum. Prófin um vorið voru mér því erfið og vélritunarprófið kórónaði alltsaman. Við áttum að vélrita eina blaðsíðu, en ég gat ekki lokið við hana. Ég féll saman vegna spennu og hætti. Það var ekki tekið gilt sem afsökun, og ég fékk aðra einkunn, og féll niður í B bekk. Binna trúlofaða hafði líka slegið slöku við og fallið niður um bekk, en Sigga glansaði með sína fyrstu einkunn og gat verið kyrr í A-bekknunum. En hún kaus að koma með okkur í B-bekkin, en þar gátum við þrjár setið saman. Guðbjörg Oddgeirsdóttir fór til Eyja að loknu prófi. Ég hef ekki séð hana síðan.

## Anna og Ólafur Jóhann

Ég fékk aukatíma í bókfærslu og ritvél systra minna, Erica, til að æfa mig í vélritun. Þessi ritvél, sem þætti all frumstæð núna, entist vel. Þegar ég var búin að nota hana fékk rithöfundurinn Ólafur Jóhann hana, og skrifaði á hana öll sín verk. Ég stundaði námið vel, studd af Sverri, sem sagði að þeir sem læsu væru aldrei óheppnir á prófum. Ég var mikið ein í frímínútunum í skólanum. Kynntist klíkunni lauslega, en hún vafðist (ekki) fyrir mér. Þetta var bara eins og á Kópaskeri. Ég var hætt að spá í fötin mín, en fékk fyrir hjartað þegar krakkarnir flissuðu að íslenskunni minni. Ég hafði þá verið tekin upp að töflu í landafræði og talaði um Alpna og Balkanskagann á klingjandi norðlensku. Ég vandi mig af norðlenskunni.

Dag einn var mér sagt að ég ætti að flytja til Önnu og vera þar um veturinn. Anna hafði, frá því húsið var keypt, annast það fyrir mömmu og pabba. Íbúðirnar voru leigðar, til að standa undir láninu sem hvíldi á húsinu, og Anna sá um það. Systurnar höfðu herbergi. Þetta var á stríðstímanum og mikil húsnæðisekla í bænum, því fólk streymdi úr sveitunum í atvinnuleit. Lög voru sett að danskri fyrirmynd, sem bönnuðu að segja upp leigjendum, nema ríkar ástæður lægju fyrir. Þegar Anna gifti sig, og átti von á barni, bauðst henni að fá efstu hæðina í Sudurgötunni. Þetta gekk ekki þrautalaust [fyrir sig] því Þórbergur Þórðarson rithöfundur var þar fyrir ásamt frú. Anna átti ekki húsið og því ekki sjálfgefið að hún gæti ýtt Þórbergi út. En þá kom í ljós að hann átti sjálfur íbúð á Melunum - og varð að fara. Anna flutti inn, ásamt Sigga bróður, sem var í Vélskólanum, og fékk minnsta herbergið. Ólafur Jóhann ákvað að fara í námsdvöl í Bandaríkjunum og þá fékk ég stofuna.

Jón Ólafsson fæddist 17. nóvember [1943]. Anna hélt áfram að vinna úti. Hún fékk ljúfa og yndislega fullorðna konu til að hugsa um heimilið á daginn. Sú var einstæð móðir og bjó með dóttur sinni. Og líf mitt fylltist friði og ró. Engin upphlaup, engar skammir, engin spenna. Ég var róleg heima og hafði félagsskap af Sigga og vinum hans tveimur sem komu á hverju kvöldi til að lesa. Þeir voru mjög ólíkir. Grétar var yngri, varð seinna tæknifræðingur og áhugaljósmyndari. Engilbert var mun eldri, gáfaður sveitamaður að austan, og átti einhver ósköp af systkinum. Hann lærði útskurð og endaði ógiftur í Ameríku þar sem hann skar út byssusköft fyrir kúreka.

Við sendum pakka með jólagjöfum norður um jólin. Þar voru bara Árni og Sveinn eftir af okkur systkinunum. Ég keypti jólagjafir, sem ég man ekki hverjar voru, nema gjöf til pabba, sem var jólasveinn með skegg og einhver vísa. En Sigga gaf ég kristilega bók sem hafði fengið góða dóma.

### Frétti af láti pabba 1944

Jólin í Suðurgötu [1943] voru róleg og hefðbundin hjá okkur systkinunum. En eftir áramótin bárust fréttir frá Ási. Mamma hafði eldað hangikjötið á gamlárskvöld eins og venjulega, en þegar setjast átti að borðum gat pabbi ekki komið. Hann var fárveikur. Í Ási var þá ljósmóðir sem var nýkomin í héraðið. Hún hét Guðrún og giftist síðar í Brekku. Löngu seinna, þá gömul kona, sagði hún mér frá því sem skeði á þessum dimmu dögum. Þegar hún var að leita sér að vinnu bauðst henni starf á Kópaskeri, og var ráðlagt að taka því, vegna þess að pabbi væri frábær fæðingarlæknir sem gæti kennt henni margt. Hún fékk að búa í Ási. Hún kom ásamt mömmu frá Reykjavík í nóvember árið 1943 á skipi til Kópaskers. Sveinn bróðir var með, en hann hafði þá verið fyrir sunnan í botnlangauppskurði. Mamma og Sveinn voru bæði veik af flensu á leiðinni. Pabbi setti heimilið í sóttkví til að flensan breiddist ekki út.

Þá skeði það að maður kom austan úr Þistilfirði og gisti á Hvoli, sem var næsti bær við Ás. Hann smitaði hjónin þar, Guðna og Halldóru, sem fárveiktust bæði. Pabbi og mamma voru yfir þeim, en Halldóra dó um jólaleytið. Við kistulagninguna, sem fór fram í óupphitaðri kirkjunni, varð pabba svo kalt að hann ofkældist og fékk heiftarlega flensu. Þórður Oddsson læknir var sóttur frá Þórshöfn í mjög slæmu veðri. Ingimundur á Brekku og Þorgrímur frændi á Presthólum fóru á móti honum, en hann þurfti að ganga yfir heidina. Þórður var ungur maður, en þegar þeir hittust, var svo af honum dregið, að þeir þurftu að ganga undir honum til byggða. Pabbi hresstist, en sló niður aftur. Þá tók Þórður honum blóð, gegn vilja hans. Guðrún fór upp til hans á eftir og pabbi sagði við hana að hann hafi aldrei vitað til að svona veikum manni væri tekið blóð. Þórður sagði að hann þyrfti að vera undir spítalaaga. Síðan dró af pabba og hann lognaðist útaf [10. jan. 1944]. Þá hafði hann verið veikur í tíu daga.

Ég fékk fréttirnar þegar ég kom heim úr skólanum þann 10. janúar. Að pabbi minn var dáinn. En ég fann ekkert. Ég skildi það ekki, hélt að þegar maður fengi slíkar fréttir kæmi gráturinn af sjálfu sér, en ég gat ekki grátið. Ég var frosin, tilfinningalaus og tóm. Ég leitaði að honum í huganum, kallaði fram minningar. Eins og þegar ég sneri baki í hann og mömmu og þrýsti mér upp að hörðum rúmstokknum í mjóa hjónarúminu, þar sem ég svaf fram á tólfta aldursár. Hlustaði á hvernig hún æpti á hann í kvöl sinni á þessu kalda skeri, sem var svo langt frá hennar fólki. Þögn hans sagði mér ekkert. Ég vissi ekki hver hann var og hvers vegna var æpt. Ég fór að leita að honum. Átti bréf í koffortinu mínu, sem hann hafði skrifað eftir jólin, til að þakka fyrir jólagjöfina. Hann

sagðist þar hafa sagt Önnu að kaupa handa mér skauta, frá sér. Þetta var fyrsta áþreifanlega gjöfin, sem hann var að gefa mér. Og ég grét.

Við fráfall þabba stóð mamma skyndilega ein uppi með fjóra unglunga, sem ekki höfðu lokið skólagöngu. Siggi var 19 ára og átti eftir tveggja ára nám í Vélskólanum, og ég var 17 og átti eftir önnur tvö ár í Versló. Árni fermdist um vorið og Sveinn var tólf ára. Hreppurinn átti læknishúsið og það þurfti að losa sem fyrst til að rýma fyrir nýjum lækni. Lán okkar var að búið var að kaupa Suðurgötu 15, því að leiguhúsnaði var alls ekki að fá í Reykjavík á þessum árum. Og eins og áður, þegar Anna fékk efstu hæðina, þurfti nú að koma út leigjendum á fyrstu hæð. Mamma var 48 ára og átti ekki rétt á lífeyri, þar sem almannatryggingar og lífeyrissjóðir voru ekki komnir til sögunnar. Alþingi úthlutaði reyndar einhverjum smáupphæðum til ekkna embættismanna samkvæmt fjárlögum. Þeirra beið annars atvinnuleysi eða þvottar og skúringar hjá öðrum. Þetta var ekki stíll móður minnar. Hún var óslitin líkamlega og firnasterk andlega og það átti eftir að koma sér vel.

### **Sveinn lærbrotnar á Kópaskeri í febrúar 1944**

Í febrúar, mánuði eftir jarðarförina, lærbrotnaði Sveinn, þegar hann var að renna sér á sleða ásamt fleiri krökkum. Aftur var Þórður Oddsson kallaður frá Þórshöfn og hann bjó um brotið. Mömmu leist ekki á handverkið og ákvað að fara með drenginn til Reykjavíkur. Eina færa leiðin var að fara með skipi. Smíðaður var kassi utan um Svein og síðan hröktust mæðginin í hörðum vetrarveðrum á mótorbáti, og síðar skipi, suður. Hann var lagður inn á Landakot þar sem fyrri viðgerð var brotin upp og lagfærð. Strekkja þurfti fótinn, en Sveinn náði sér alveg að lokum. Mamma ætlaði strax aftur norður, enda beið þar mikið verk. Hún fékk far með skipi sem sigldi austur um land, því að ís var fyrir öllu vesturlandi. Það komst ekki lengra en í Pistilfjörð og varð að snúa aftur við til Reykjavíkur. Hún þurfti að bíða þar og fékk loks skipsferð til Húsavíkur. Fór ríðandi þaðan yfir Reykjaheiði til Kópaskers. Í Ási biðu Árni, Guðrún ljósmóðir og Lóa frá Siglufirði. Þau vildu vera til gagns og minnka ómegðina. Gerðu það með því að losa mömmu við Gulbrand kött. Hann var svæfður með klóróformi og síðan brenndur.

Ég fylgdist ekki mikið með því sem gerðist fyrir norðan á þessum mánuðum. Mitt starf var að skila góðu prófi. Upplestrarfríð hófst í apríl, en Verslunarskólanum er slitið 30. apríl ár hvert. Ég las af kappi eins og venjulega fyrir próf og fór þess á milli í gönguferðir með nýju vinkonunum. Það var sól, páskarnir komu inn í og við fórum í sumarbústað Jórunnar og Sverris. Teygðum þar álkurnar upp á móti sólinni dúðaðar teppum.

Að loknum prófum tók ég rútuna norður. Ég hafði fengið fyrstu einkunn.

### **Ás kvaddur sumarið 1944**

Ferðin norður [eftir lát þabba] tók tvo daga eins og venjulega, en mér fannst hún ennþá lengri [en vanalega]. Það stafaði ekki af tilhlökkun eða þrá eftir Kópaskeri, heldur ófærðinni, sem jókst eftir því sem norðar dró og kuldanum, sem fór vaxandi. Tveir ógnarlangir Norðurárdalir, annar fyrir sunnan og hinn fyrir norðan, virtust endalausir, torfbæirnir í Skagafirði, sem skáru sig úr, voru enn hrörlegri en venjulega, og vegurinn var nánast ófær. Loks komst ég heim - og fann hvað allt hafði breyst. Heimilið var

annað og ég hafði þar ekki lengur hlutverk. Umhverfið var líka annað, ég var allt í einu orðin merkispersóna, skólagengin og búandi á merkisheimili, sem hafði losnað við þann stimpil að vera öðruvísi og verri en hin. Svo miklu hafði dauði föður míns áorkað. Þessum fimm ekki-framsóknar-mönnum í héraðinu hafði fækkað um einn og konur söknuðu vinar í stað, við barnsburð, og gáfu fjölskyldunni silfurlauf á svörtum grunni til minningar um hann.

Mamma hafði ekki setið auðum höndum. Hún hafði farið í gegnum það sem hún kallaði „að velta vöngum“, og gert áætlanir um framtíðina. Hún vissi hverjar hennar sterku hliðar voru, en það var handlaginn, verkvitið og stjórnsemin. Nú þurfti meira til en að baldýra, og hún ákvað að láta þrjóna barnanærföt og vefa mottur til að selja. Síðan þurfti að losa gamla heimilið og koma sér upp nýju. Eins og áður hefur komið fram, var ekki hlaupið að því að losa sig við leigjendur í Suðurgötu 15. Á fyrstu hæðinni bjó fílefldur pípulagningarmaður sem hét Haraldur, og dönsk kona hans, sem rak vinsæla efnalaug. Dóttir þeirra var Auður Haralds, sem seinna varð vinkona mín. Hjónunum var sagt upp, en neituðu að fara. Þegar upp komst að þau áttu sjálf íbúð, sem þau leigðu á hærra verði en þau þurftu að borga, var þeim hótad útburði og fóru.

Næst var að losna við Ás. Pabbi vissi að mamma hafði fjármálavit og lét hana fylgjast með öllu slíku. Þetta auðveldaði henni að gera upp við kaupfélagið, sem annaðist fjármál fyrir allt og alla í héraðinu í gegnum innskrift. Peningar sáust ekki á þessum slóðum. Kaupfélagsmenn reyndust henni vel. Hún seldi allt, apótekið, læknisáhöldin, túnið, kýrnar og vindrellu sem þau höfðu keypt til að hafa rafmagn til ljósa. Svo var haldið uppboð á stéttinni fyrir framan húsið. Ég var þar og fannst það óþægilegt. Bændurnir komu, hálf vandræðalegir, og buðu í dótið, hjónarúmið og fleiri rúm, dívana og allskyns tól og tæki, þangað til ekkert var eftir nema það sem hún tók með. Það var þrjónavélin, vefstóllinn, borðstofuhúsgögnin, körfustólarnir, spegillinn, súlan, krummaborðið o.fl. Þessu var hlaðið á vörubíla Bakkabræðra og ekið suður. Þá var komið fram í júlí.

Mér var ljóst hve staða mömmu, allt frá andláti pabba, hafði verið hrikaleg og var það enn. En hún lét engan bilbug á sér finna. Nú stjórnaði hún ein og gerði það með sömu ágætum og faðir hennar hreppstjórinn og hákarlaformaðurinn Sveinn í Felli. Hún stýrði skútunni léttilega í stormi og ólgusjó - og naut þess. Og framundan voru bestu ár ævi hennar. En ég var ekki skipstjóri, heldur í besta falli háseti, sem vaskaði upp. Andrúmsloftið á heimilinu var órólegt og titraði af spennu sem ég átti erfitt með að þola. Og gelgjan helltist yfir mig. Mamma gerði miklar siðferðiskröfur til mín, en var alveg steinblind á stöðuna. Félagsskapur minn í Ási hafði verið hrekkjóttir strákar og falleraðar vinnukonur frá Siglufirði - og nú bættist við þetta fyrirbæri Guðbjörg frá Vestmannaeyjum. Hún var ári eldri en ég, bráðvel gefin, en ók sér eins og súludansmey í návist karlmanna. Hún var í þeirra augum auðveld hjásvæfa. Ég fékk ekki þann stimpil, en hún var slæmur félagsskapur.

## **Kötturinn dauður og Kópasker að baki**

Eftir stóð gamli, en nýviðgerði læknisbústaðurinn Ás, auður og tómur, því enginn fékkst læknirinn. Þá var byggður nýr læknisbústaður á Kópaskeri árið 1946, ásamt heilsugæslustöð, en það dugði ekki til. Á árunum 1944 til 1969 komu og fóru 21 læknir, settir eða skipaðir, en þjónustulaust var svo árum skipti. Á árinu 1970 tók læknamiðstöðin á Húsavík við heilsugæslu í héraðinu, með einum viðtalsdegi á

Kópaskeri hálfsmánaðarlega, og seinna í hverri viku. Þá var hjúkrunarkona, búsett í nýja læknisbústaðnum, til þjónustu fyrir héraðsbúa. Þetta ástand lagaðist ekki fyrr en Sigurður, sonur Diddu fermingarsystur minnar, sem giftist hafði Halldóri Sigurðssyni á Valþjófsstöðum, gerðist læknir í héraðinu og er þar enn.

Kötturinn var dauður, kýrnar voru seldar, fólkíð, sem búið hafði í Ási dreifðist, og mamma fór ein suður. Lóa vinnukona lauk vistinni í maí og fór til Siglufjarðar. Guðrúnu ljósmóður vantaði samastað, og mamma sem var fræg fyrir að gifta stúlkurnar sínar álitlegum bændasonum, kom henni fyrir á Brekku. Þar var fyrir fjallmyndarlegur piparsveinn sem hún giftist síðar.

Árni fór í vegavinnu á Sléttunni. Sveinn kom norður í maí með stíft hné eftir að hafa verið í gífsi í margar vikur. Hann fór til frændfólksins í Garði. Siggi var á sjónum sem kyndari og ég fór í kaupavinnu.

### **Kaupakona á Grímsstöðum á Mýrum – líklega sumarið 1944**

Besta vinkona systranna hét Áslaug Oddsdóttir. Hún vann með þeim í Sjóvá. Hún bjó hjá fráskilinni móður sinni og tveimur systur. Þær pipruðu allar og héldu fast saman til æviloka. Móðirin var frá Grímsstöðum á Mýrum, sem verið hafði stórbýli, en nú vantaði þar kaupakonu.

Ég var sótt í Borgarnes og keyrð í gegnum hlýlegan og kjarri vaxinn Borgarfjörðinn upp að Grímsstaðarmúla. Þar stóð reisulegt steinhús, kjallari, tvær hæðir og ris. Í ljós kom að í húsinu bjuggu í raun þrjár fjölskyldur. Húsbóndinn Hallgrímur Nielsson var háaldraður og hafði verið mikill höfðingi og ættstór. Hann bjó ásamt Sigríði konu sinni og Ingibjörgu systur hennar í risinu, en þær voru ennþá eldri en hann. Ég sá sjaldan þetta fólk, nema þegar gestir komu, en þá komu þau niður í stásstofuna með rauðu plussmublunum og orgelinu, sem var á fyrstu hæð, við hliðina á eldhúsinu. Hann var músíkalskur og spilaði á orgelið. Á annarri hæðinni sváfu tveir ógiftir synir þeirra, sem mér fannst gamlir, Tómas og Axel. Mér leist ekki á Tómas, sem í raun stjórnaði búinu, en fannst Axel góðlegur og sætur. Ég hafði lítið herbergi á þessari hæð, en í öðru litlu herbergi bjó heil fjölskylda, ráðskonan Halldóra, einstæð, lítil og snaggaraleg, með börnin sín þrjú. Þetta herbergi ilmaði af hreinlæti.

Í kjallaranum, sem var í raun jarðhæð, bjó fimm manna fjölskylda. Það voru Hans Meyvantsson, sem var fatlaður með staurfót, og tók mikið í nefið. Lára, kona hans, sem var mjó og lítil fyrir sér, og börnin þeirra þrjú. Lára var alin upp á Grímsstöðum og þau unnu við búið.

Í túnfætinum var sumarbústaður sem Sigríður, dóttir hjónanna, átti ásamt manni sínum, en hann var skólastjóri í Handíðaskólanum og hét Lúðvík Guðmundsson. Þau héldu þarna til um sumarið ásamt börnum sínum.

Mikill gestagangur var á báðum heimilunum. Fjölskyldan var stór og börn Hallgríms og Sigríðar komu oft, einnig barnabörn. Þau voru misjafnlega af guði gerð, eins og gengur. Fyrir utan Tómas og Axel voru tveir synir, Helgi sem var mjög vel heppnaður og eignaðist tvo stjórnusyni, Hallgrím tónskáld og Sigurð sem lengi var forstjóri Flugleiða, og Niels sem var geðveikur, en góður karl. Systir [Hallgríms] var gift í Borgarnesi og var líka geðveik, en best man ég eftir dóttur hennar, sem kom og dvaldi í



nokkra daga. Hún var kölluð Bebí, há og einhvern veginn luraleg. Henni leið ekki vel, sat gjarna inni í herberginu mínu með andlitið yfir heitu vatni í vaskafati til að hreinsa upp bólurnar. En örlög hennar urðu þau að hún ól, löngu seinna, Tómasi móðurbróður sínum son, sem var ekki fedraður - og skírður Guðni. Hann erfði síðan Grímsstaði þegar flest af þessu fólki var komið undir græna torfu.

Í þessu fjölbreytta mannlífi, sem gisti Grímsstaði þetta sumar, var aðeins ein sól, sem allt snerist um. Það var Halldóra ráðskona. Hún ríkti í eldhúsinu yfir stóru kolaeldavélinni og stóra borðinu sem var hrokað af mat allan daginn. Hún fór fyrst á fætur og seinast að sofa. Hún sá um að allt væri í jafnvægi, húshaldið virtist ganga af sjálfu sér á einhvern undarlegan hátt. Og börnin hennar þrífust. Líka daginn sem eiginmaðurinn fyrrverandi kom í heimsókn á stóru drossíunni sinni. Hann átti hljóðfæraverslun fyrir sunnan og stóð stutt við.

Ég hélt að ég ætti að hjálpa til við heyskapinn, en það varð ekki. Ég var mest við inniverkin. Okkur Halldóru kom vel saman. Næst á eftir henni var Axel mitt uppáhald. Hann hefur sennilega verið um fertugt, hlýr og móeygur. Og hann hafði sama smekk og ég. Hann dróst að litla herberginu hennar Halldóru og barnanna, og ég vonaði að þau næðu saman. En það varð ekki. Um haustið kom í ljós að hann átti kornunga kærustu, dóttur vinar hans. Þau giftust og hann varð fjörgamall. Halldóra fór suður og fluttist í bragga á Skólavörðuholti. Ég fór um veturinn að heimsækja hana. Bragginn var kaldur og fátæklegur, en heimilið hlýlegt eins og herbergið á Grímsstöðum.

Ég fór suður í september. Niels varð mér samskipa frá Borgarnesi. Það var vont í sjóinn og ég lá fyrir. Hann sat hjá mér og hélt í hendina á mér. Það streymdi frá honum öryggi og hlýja.

### **Veturinn 1944/1945 - aftur á Suðurgötu**

Ég flutti aftur í Suðurgötuna, en í þetta sinn á fyrstu hæðina, þar sem mamma var búin að koma sér upp heimili. Það var kominn nýr vetur 1944-45. [Jón lést í janúar 1944]. Í stað rólegheitanna hjá Önnu, Sigga og vinunum Grétari og Engilbert, var nú allt á fullu. Allsstaðar var fólk og dót sem ég man varla hvar komst fyrir. Þrjónavélin og garnbirgðirnar, sem mamma tók með sér til að þrjóna úr barnanærföt, voru í stærra svefnherberginu, og vefstóllinn var kominn upp, sennilega í kjallaranum. Árni var kominn úr vegavinnunni og búinn að fá vinnu sem nemi í húsgagnasmíði, en hann hafði alltaf haft yndi af smíðum. Hann var líka í Iðnskólanum, fékk lúsarkaup og var látinn borga heim. Sveinn var kominn heim úr Garði og búinn að ná sér að mestu [í fætinum]. Hann fékk vinnu sem sendill hjá Gefjunni og borgaði líka heim. Hann var í kvöldskóla. Þurfti að búa sig undir að taka lokaprófið upp úr barnaskóla, sem hann hafði ekki getað gert veturinn áður. Prófið tók hann svo um vorið á Kópaskeri. Sveinn segir að þeir bræður hafi sofið í herberginu [á Suðurgötu] hjá þrjónavélinni.

Stúlka kom með mömmu að norðan til að þrjóna og sem vinnukona, og önnur stúlka, sem ég hafði aldrei séð, var komin til dvalar um veturinn, gegn greiðslu. Hún hét Guðbjörg Oddgeirsdóttir frá Vestmannaeyjum, og var í fjórða bekk Verslunarskólans. Ég man ekki hvar þær sváfu, né heldur við mamma, hvað þá nýjasti meðlimurinn í fjölskyldunni, Gunnar Ægir Sverrisson, rúmlega ársgamall [1943-2011]. Sverrir hafði farið til Bandaríkjanna uppúr áramótum, í doktorsnám. Rætt hafði verið um að Jórunn kæmi seinna út og hittu hann þar. Mér var kunnugt um þetta og hafði reyndar verið

sagt að þau væru að skilja - og þessi aðskilnaður ætti að vera prófsteinn á hjónabandið, hvort það stæðist. Ég trúði þessu ekki, en þarna var sonurinn kominn til mömmu, sem hefur sennilega ekki viljað missa Sverri, og unnið þetta til.

Þetta voru margir munnar að metta fyrir konu sem bjó við þrönga stöðu fjárhagslega og algera óvissu um framtíðina. Það hefur sennilega verið á þessum tíma sem mamma sagðist hafa séð rándýra leðurmöppu, til að hafa á skrifborði, í einhverri búð. Henni fannst hún falleg og keypti hana fyrir síðustu krónurnar sem hún átti. Og það bættust við óvæntar krónur. Aldrei kom til tals að ég hætti í Verslunarskólanum. Ég fór þangað aftur um haustið í sama bekk og fyrr. En María Skagan, sem verið hafði sessunautur minn árið áður, var hætt. Hún veiktist illa og var öryrki til æviloka. Hún varð kunn fyrir skrif sín og þátttöku í félagslífi. Í stað hennar kom nýr sessunautur. Það var strákur á mínu reki. Faðir hans var læknir og landflóttu gyðingur frá Þýskalandi og var að bíða eftir því að komast til Bandaríkjanna. Sonurinn var langur og krangalegur, og varla talandi á íslensku. Hann fór eftir nokkra mánuði. En það kom ekki að sök. Ég hafði Siggu og Binnu.

## Lambanes sumarið 1945

Sveinn fermdist vorið 1945 og mamma hélt kaffisamsæti heima fyrir fjölskyldu og vini. Þar mætti maður sem ég hafði aldrei séð fyrr, en var kynntur sem Valgarður frændi, að norðan. Hann var á aldur við mömmu, grannur með þunnt hár og seyrinn svip. Hann var með einhvern galla á öðru auganu, sem ég vissi aldrei af hverju stafaði. Valli og mamma voru náskyld, móðir hans Sigurlaug, og Jórunn, móðir mömmu, voru systur. Þær voru dætur Sæmundar Jónssonar útvegsbónda í Haganesi í Fljótum og konu hans, Bjargar Jónsdóttur, af fínu ættinni. Þau voru forrík og söfnuðu jörðum í stað verðbréfa sem tíðkast núna. Þau áttu meðal annars tvær jarðir í Fljótum, Lambanes og Lambanesreyki. Þær stóðu á sama túni, en á milli var lækur í grasi grónu gili. Systir Sæmundar, Guðrún, sem var annáluð glæsikona, varð fyrir því óláni að missa tvo eiginmenn í sjóinn, en þriðji maðurinn lifði, og þau bjuggu á Lambanesreykjum. Sigurlaug erfði Lambanes og bjó þar með manni sínum, sem Kristján hét, og þau áttu fjölda barna. Kristján var enn á lífi, en Sigurlaug dáið fyrir löngu, og öll börnin flutt burt, nema tveir bræður, Valgarður, kallaður Valli, sem var ógiftur, og Gunnlaugur, sem kallaður var Gulli, en hann bjó með konu sem hét Anna. Og nú hafði mamma greinilega haft samband við þessa frændur sína og boðið þeim kaupakonu, og Valli var mættur til að skoða gripinn. Samningar tókust og ég fór norður með rútu.

Fljótin eru norðanlega í Skagafirði og ég hafði ekki komið þangað áður. Ég var nú komin á æskuslóðir mömmu. Ég keyrði gegnum Sléttuhlíðina, framhjá Felli, og inn í Fljótin, sem eru næsta sveit. Þar til vinstri við sjóinn stendur Haganes, bær Sæmundar, rétt við lítið þorp, Haganesvík. Svo tók við Miklavatn sem er mikið flæmi. Ekið var kringum það, og Lambanes blasti við á vatnsbakkanum norðan við vatnið. Þetta var mjög gamalt steinhús, kjallari hæð og ris, með stórum kvisti. Húsið hefur verið reisulegt í upphafi, en var nú í niðurníðslu, grátt og ljótt. Engin merki lengur um ríkidæmi, ættgöfgi og forna frægð, presta eða biskupa. Sá ljómi sem verið hafði í huga mínum yfir skagfirsku ættinni hennar mömmu var fljótur að hverfa. En fólkíð sem tók á móti mér var hlýtt og gott. Sérstaklega Gulli, sem var einlægur, opinn og hafði varðveitt barnið í sjálfum sér. Anna var dæmigerð jarðbundin og traust sveitakona, greiðvikin og gestrisin. Þau áttu ekki börn. Kristján, gamli bóndinn, lá í kör í stofunni. Hann varð hundrað ára um sumarið. Þau ráku sauðfjárbúskap, en vatnið var

gullnáma. Mjótt eiði skildi það frá sjónum og það var fullt af ljúffengum silungi, sem var daglega á borðum allt sumarið, og ég fékk aldrei leið á.

Ég var búin að fá æfingu í því að aðlagast nýjum aðstæðum, og það gekk bærilega í fyrstu. Eða þangað til að ég uppgötvaði að Valgarður var að reyna við mig. Hann gekk um eins og hani á haug og spennti rýra vöðvana til að sýna hvað þeir væru stæltir og heillandi. Horfði síðan á mig útundan sér með skjálga auganu til að vita hvort ég væri ekki yfir mig hrifin. Ég fylltist skelfingu. Hafði aldrei á mínum 17 árum upplifað perra, sem ekki var hægt að hlaupa frá, og kunni ekki að sýna fólki vanþóknun mína. Ég reyndi að halda andlitinu og láta sem ég tæki ekki eftir neinu. Hann færði sig þá upp á skaftið, og einn morguninn mætti hann við morgunverðarborðið nýrakaður í ermalausum bol til að sýna mér hvað hann væri svakalega sexí. Mér varð flökurt og fór frá borðinu.

Ég sá að ég varð að gera eitthvað og talaði um þetta við Önnu. Hún vissi hvað fram fór, og sagði að þetta væri ekki í fyrsta skipti, og hún stæði með mér. Sagði að þarna í sveitinni væri margt skemmtilegt á boðstólum, og að ég þyrfti að fara á böll og kynnast ungu fólki. Ég sagðist ekki þora að fara ein á ball, karlinn gæti elt mig. Hún átti ráð við því. Fór með mig í heimsókn yfir lækinn til hjónanna, sem bjuggu nú á Lambanesreykjum. Þetta var yndislegt fólk, sem átti tvo syni á aldur við mig, Svavar og Snorra. Þeim var sagt um hvað málið snerist og tóku að sér að vera verndarenglar mínir, þegar ég færi á böll. Og þeir stóðu við það.

(Ég fékk að sofa á kvistinum og var fljót að aðlagast, enda lífsglöd og orðin vön breytingum. En nú gerðust óvæntir atburðir. Val[garður] varð að vandamáli. Karlinn fékk þá hugmynd, að mér litist meira en lítið vel á sig, og gekk um með hnyklaða rýra vöðva til að sýna hvað hann væri stæltur og ómótstæðilegur. Þetta var grátbroslegt, en varð algerlega óþolandi. Hann var fyrst í skyrtu, en fór svo að mæta við matborðið á morgnana, nýrakaður í ermalausum bol, til að vöðvarnir á handleggjunum sæust sem best. Gaut svo á mig augunum, til að athuga hvernig mér yrði við, og mér varð flökurt. Gekk frá borðinu og ræddi svo málið við Önnu. Hún sagði að þetta væri ekkert nýtt. Ég yrði að humma þetta fram af mér, það yrði bráðum ball í Ketilási, og þar væri alltaf mikið fjör. Ég sagðist ekki þora að fara, karlinn myndi elta mig. Hún sagðist hafa ráð við því. Fór með mig í heimsókn í Lambanesreyki, en þar bjuggu nú elskuleg hjón, sem voru ekkert skyld okkur Val[garði] frænda. Þau áttu tvo syni á aldur við mig, Svavar og Snorra, sem buðust til að fylgja mér á ballið og passa mig fyrir karlinum).

Allt sumarið fylgdu þeir mér þegar ég fór á skröllin, sem voru löng, fjörug og skemmtileg, eins og tíðkast í Skagafirði. Þau voru haldin í Ketilási, sem stendur við austurenda vatnsins, í göngufæri við Lambanes, og í Haganesvík, en þá fórum við yfir vatnið á báti. Þeir komu fram við mig eins og ég væri systir þeirra. Sama gilti um þriðja verndarengilinn, sem birtist þegar á böllin kom, en það var Sigurvaldi á Hraunum. Svavar og Snorri kunnu ekki að dansa, en Sigurvaldi dansaði við mig öll böllin og var frábær dansherra. Það var ekkert á milli okkar, en hann ilmaði eins og nýþveginn þvottur, sem hafði verið þurrkaður úti á snúru.

Mér hefur aldrei verið um það gefið að rækta kunningsskap við fólk, sem [ég er] ekki viss um að kærði sig um það, og vil ekki vera uppáþrengjandi. Það fór því svo, að eftir að hafa ferðast um Fljótin eins og drottningin af Saba, í skjóli þessara yndislegu ungu manna, týndi ég þeim þegar heim kom. En gleymdi þeim ekki. Þeir losuðu mig við perrann og gáfu mér sólríkt sumar. En Ísland er lítið. Fjórum árum seinna kynnti

Guðbjörg, frænka mín frá Garði, systir Starra, fjölskyldunni fyrir tilvonandi eiginmanni sínum. Það var Sigurvaldi Guðmundsson frá Hraunum í Fljótum.

Þótt helgarnar væru spennandi, voru merkilegri hlutir að ske daglega. Þarna birtist jeppi, gulbrúnn á lit, sem bar með sér framandi andrúmsloft - eins og London, París og Róm væru mætt þarna í sveitin[a]. Því að í jeppanum voru flugmenn sem höfðu aðsetur í litlum timburkofa sem hróflað hafði verið upp á bakka Miklavatns, í landi Lambaness, en á vatninu var lítil sjóflugvél. Þeir komu til að ná í mjólk og fá veitingar og samveru, því að skúrinn var ekki beint heimilislegur. Þarna var verið að stíga fyrstu skrefin í starfrækslu félags, sem reyndist glæsileg útrás á alþjóðamælikvarða, og stendur fyrir sínu enn þann dag í dag. Það voru Loftleiðir, þá rúmlega árs gamlar, stofnaðar í mars árið 1944.

(Félagarnir keyptu litla sjóflugvél og sömdu við eigendur Lambaness um að fá að byggja kofa í landareign þess og nota eign[arhluta] þess í vatninu. Kofinn reis og flugmennirnir höfðu þar aðsetur á milli túra. Þeir höfðu líka komið sér upp station jeppa, gulbrúnum á lit, og komu daglega í Lambanes til að fá mjólk og silung, en ekki síst kaffi og spjall, því að kofinn var ekki beint heimilislegur).

Stofnendurnir hétu Kristinn Ólsen, fremur lítill maður vexti, en þéttur á velli og þéttur í lund, og Alfred Elíasson, fingerður og sparifatalegur maður, enda varð hann seinna forstjóri félagsins. Þeir voru gerólíkir, höfðu lært flug í Bandaríkjunum, og stofnuðu félag þegar heim kom, í samkeppni við Flugfélag Íslands, sem þar var fyrir. Efnin voru ekki mikil og þeir sömdu við ríkið um að taka að sér síldarleit úr lofti, um sumarið, og vísa bátunum á torfurnar. Síldin var geysiverðmæt útflutningsvara. Hún var söltuð á sumrin á Siglufirði og Raufarhöfn, en þar ríkti gullgrafara andrúmsloft meðan á þessu stóð. Flugmennirnir voru skemmtilegur félagsskapur og góðir við okkur sveitafólkið sem var heilluð af þessari tækni - sem var ný og spennandi í veröld boddíþíla sem voru þá aðalfarartækin. Ég kynntist þeim ekki mikið, en man að þarna voru fjórir bræður, allir Olsen-ar, þ.e. Kristinn, Gerhard, Óli og Alfred. Mér fannst Gerhard sætastur, þó að hann vantaði tönn í efri góm. En hann var sá eini sem var giftur.

Það var gestkvæmt á Lambanesi þetta sumar. Fyrir utan skyldfólkið, sem margt bjó á Siglufirði og leit inn, voru þar fastagestir.

(Kristinn Olsen, bræður hans Gerhard og Óli, Dagfinnur, og allir hinir, komu akandi á rjómalitum stationjeppa. Þeir voru spennandi og puntuðu upp á sveitalífið, sem annars snerist að mestu um hross og söng. Þeir báru með sér framandi alþjóðlegan gust eins og London, París, Róm væru komnar inn á hlað á gamla góða Lambanesi, sem hafði gerst vagga vellukkaðrar útrásar. Húsmóðirin, hin stillta jarðbundna Anna, setti meira að segja upp varalit og fína frúin frá Siglufirði, sem var í sumarbústað í grenndinni, fór að koma í heimsókn. Ég var ekki skotin í neinum, nema Gerhard, sem var kallaður Genni, en hann var auðvitað sá eini sem var giftur, og því ósnertanlegur).

Kristján gamli varð 100 ár þann 9. ágúst og lét ekki deigan síga. Afkomendurnir komu í heimsókn, og það var tekin mynd af hópnum, með afmælisbarnið í miðjunni. Hann var skeggjaður og hinn reffilegasti. Síðan var tekin mynd af tveimur laukum ættarinnar, að drekka brennivín af stút, svona til að sýna hvað þeir væru kúl, og svo af Sveinka lagsmanni, sem vakti mikla athygli, en hann var umrenningur sem gekk á milli bæja og var notaður sem sýningargripur, þar sem stétt hans var svo til útdaud.

## Aftur á Suðurgötu

Þetta hafði verið gott og ljúft sumar, og ég fór suður um haustið í skólann. Meiri ró var nú yfir heimilislífinu í Suðurgötu. Mamma var farin að rokgræða á því að selja þrjónlesið, en vefnaðurinn bar sig ekki. Hún flutti þrjónastofuna niður í kjallarann og réði stúlkur að norðan sem einnig sáu um húsverkin. Það var líka ró í skólanum. Við vinkonurnar sátum saman við þriggja manna borð - og við Sigga vorum saman öllum stundum, gengum Laugavegin fram og til baka og töluðum um stráka. Námið gekk vel og ég útskrifaðist með fyrstu einkunn um vorið.

## Framtíðarstarf á skrifstofu ríkisspítalanna

Útskriftardagurinn var 30. apríl 1946 [eða 1945 sbr. neðan], og næst lá fyrir að finna starf til frambúðar. Samkvæmt venju fór bekkurinn fyrst í ferðalag. Hnattferðir voru ekki á boðstólum á þessum tíma, en það þótti fínt að fara með rútu til Stykkishólms. Við Sigga fórum án Binnu trúlofuðu, og gistum hjá vinafólki foreldra Siggu. Síðan var labbað um Stykkishólm. Farið á báti út í einhverjar eyjar, í kulda og hrolli, og teknar myndir af mannskapnum skælbrosandi í neppunni.

Vilhjálmur skólastjóri var í sambandi við vinnuveitendur og útvegaði atvinnu. Hann valdi vinnu fyrir mig í heilbrigðisgeiranum, á skrifstofu ríkisspítalanna. Þessi skrifstofa hafði mikið á sinni könnu. Það voru Landspítalinn, Kleppspítalinn ásamt búí, Vífilsstaðaspítali með búí, og Kópavogshælið. Á tímabili var einnig upptökuheimili fyrir börn.

Vilhjálmur Þ. Gíslason skólastjóri og síðar útvarpsstjóri var giftur náfrænku pabba. Hún var prestsdóttir af Skútustaðaætt, en dóttir þeirra er Auður Eir, sem var fyrsti kvenprestur á Íslandi. Eins og fram kemur í bréfinu var umhyggja systra minna fyrir litlu systur engin, enda var búíð að sjá um þeirra skólavist í þessum dýra einkaskóla. Án þess að ég vissi, var málið því í uppnámi, þegar komið var fram í júlí, og skólavistin átti senn að hefjast. Þegar pabbi gerir sér þetta ljóst, beitir hann öllu sínu harðfylgi til að koma mér inn. Vilhjálmur var í vanda og vefur málinu mörgum sinnum um höfuð sér, áður en góðmennska hans sigrar. Hann hefur kannski fundið til með þessum vini sínum, sem sat af þrjósku, á þessum guðsvolaða stað Kópaskeri, norður í rassgati, og yngstu dótturinni, sem var lokuð þarna inni eins og hver önnur Öskubuska.

[Jódís var í Versló 1943-1946, ef rétt er skrifað. Jón lifði þegar hún hóf nám 1943. Ef skólagangan var tveir vetur, er útskriftardagurinn 30. apríl 1945, en ekki 1946, og annað í samræmi við það. Mögulegt er þó að 1943-1946 gildi, og að fyrsta veturinn hafi Jódís aðeins tekið e.k. inntökupróf]

Skrifstofan var í Fiskifélagshúsinu, neðst við Ingólfsstræti. Ég mætti full eftirvæntingar fyrsta daginn, á tilteknum tíma, og gekk inn á neðstu hæð, sem lyktaði af fiskimjöli. Til hægri var opið herbergi og þar var lítill maður niðursokkinn við að sýsla með tilraunaglös. Innar var verið að kenna hópi af mönnum, sem voru á misjöfnum aldri, og misjafnlega gáfulegir á svip. Þeir voru að læra að verða mótóristar. Ég gekk síðan upp stiga, og beint á móti stiganum blasti við sköllóttur maður, sitjandi við skrifborð. Þetta var skrifstofustjóri Fiskifélagsins að fylgjast með mannaferðum.

Eftir næsta stiga var ég komin á leiðarenda og hengdi kápuna mína upp í anddyrinu. Mér brá þegar ég sá þar köflotta kápu, sem ég þekkti vel úr skólanum. Hún tilheyrði einni aðalklíkukerlingunni úr skólanum. Hún var gáfuð, hnyttin og illkvittin, sem ég átti bágt með að þola. En maður labbar ekki út úr góði starfi svo ég setti upp sparibrosið og gekk inn. Frekar hátt afgreiðsluborð var fyrir innan dyrnar, og það fyrsta sem ég sá, var grönna kona sem kom æðandi á móti mér, og baðaði út öllum öngum, í fumi og fátí. Sagði mjóum rómi, sem var kitlandi blanda af spennu og hlátri, að það væri gott að ég væri komin, hún væri með langan lista af erindum sem ég ætti að gegna í bænum. Þetta voru fyrstu kynni mín af gjaldkeranum, Hildigunni Hjálmarsdóttur, sem við kölluðum Hildó, og er mikill og ólýsanlegur persónuleiki, og líka fyrstu kynni mín af þessum glaðværa vinnustað, þar sem ég dvaldi næstu þrjú árin.

Á skrifstofunni störfuðu tíu manns. Forstjórinn hét Guðmundur Gestsson, og hafði áður verið ráðsmaður á Landspítalanum, og sagðist þá hafa unnið allt þetta starf einn. Mér hefur stundum dottið þessi fullyrðing hans í hug, þegar ég hugsa um hvílíkt bákn þessi skrifstofa er orðin nú. En ég hef ekki samanburð.

Starfið í þessari stofnun snerist um að annast rekstur spítalanna, sem voru annars sjálfstæðar rekstrareiningar. Málið snerist um tekjur og gjöld. Tekjurnar voru daggjöld sjúklinganna, sem greidd voru af ríki og borg þegar um var að ræða geðsjúklinga, berklasjúklinga og holdsveika á Kleppi, Vífilstöðum og Kópavogshæli, en daggjöld á Landspítala kr. 20 á dag voru greidd af sjúkrasamlögum fyrir þá sem skuldlausir voru þar. Annars þurfti fólk að borga sjálft, sem veittist mörgum erfitt, en þá var hægt að leita til Minningarsjóðs Landspítalans til að fá styrk. Læknar sóttu um vist [fyrir sjúklinga sína] á spítulunum og þegar meðferð var lokið skrifuðu yfirlæknar deildanna spjald með upplýsingum um sjúkdómsgreiningu og meðferð sem gildi sem einskonar reikningur til þeirra sem greiddu. Þessi spjöld voru vélrituð hjá skrifstofunni. Rithönd læknanna var oft ekki læsileg og við sem unnum við þetta höfðum íslensk-latneska orðbók okkur til halds og trausts. Skemmtilegast var að vélrita spjöldin frá kynsjúkdómadeildinni, þar sem fram kom hvaða kvennabósar bæjarins höfðu lent illa í því, og oft lentu þeir líka í vanskilum við spítalann.

Stærsti gjaldaliðurinn var launagreiðslur. Mikil vinna var við að reikna út laun starfsfólks spítalanna og annarra stofnana sem voru í tengslum við þá. Tvær fullorðnar konur unnu þá í bókhaldinu. Önnur var Valgerður, sem var ógift, og komin af virðulegri og stöndugri kaupmannsfjölskyldu í byggingarbransanum. Hún var góð og klár kona, og ég minntist hennar oft vegna þess að hún gaf mér firnagóðan ostaskera í skilnaðargjöf. Hin hét Þórdís, var ljúf, og hafði verið tæp á geði. En hún sló í gegn þegar tölvutæknin kom til sögunnar, löngu seinna, og enginn komst með tærnar þar sem hún hafði hælana á því sviði. Þessar konur sáu um launin og Hildó boðaði síðan til kærkominnar aukavinnu um mánaðarmótin, og við stelpurnar sátum fram á nótt og töldum peninga í umslög, sem merkt voru móttakendum með nafni og upphæð. Daginn eftir tókum við síðan leigubíl og keyrðum á vinnustaðina, þar sem fólkið fékk sín umslög og kvittaði fyrir. Annar rekstrarkostnaður var líka greiddur fyrir þessar stofnanir, en ekki fyrr en sérstakur starfsmaður hafði farið yfir reikningana til að athuga hvort þeir væru réttir, og enginn væri að reyna að snuða okkur. Þessi starfsmaður var Erna Guðmundsdóttir frænka mín og Oddgeirs úr Skagafirðinum, komin út af Guðrúnu á Lambanesreykjum og þriðja manninum hennar, sem lifði en hinir tveir drukkuðu.

Aðrir sem unnu á skrifstofunni v[oru] Þóra, ljóshærð og brosmild, og Hanna sem átti köflóttu kápuna. Einnig Georg, sem var raunar gjaldkerinn, en vann sem aðstoðarforstjóri. Guðmundur, forstjórinn, átti við geðræna erfiðleika að stríða og endaði líf sitt þannig að hann skaut konuna sína og sig á eftir. Hann var afi Egils Helgasonar.

Ég fékk 900 krónur í kaup á mánuði, sem var naumt skammtað byrjunarkaup kvenkyns ríkisstarfsmanna, og borgaði 300 krónur heim. En mér blöskraði ekki öll þessi fjárútlát. Þrjónastofan malaði gull á þessum tíma þegar allt innflutt var skammtað vegna skorts á gjaldeyri. Mamma lifði nú lífinu, gekk í Húsmæðrafélagið, Sálarrannsóknarfélagið og Slysavarnarfélagið. Hún spilaði bridge vikulega við vinkonur sínar í Baldursbrá, Kristínu og Ingibjörgu Eyfells, og Karenu Agnete Þórarinsson. Hún fór í dagsferð til Þingvalla með frænda sínum frá Höfða í Skagafirði og nágrannakonunni Gógó Hjaltsted, og kom heim ölvuð og þreytt og lagðist fyrir á dývan í stofunni. Árni bróðir stóð þar yfir henni ungur, fögur og áhyggjufullur og sagði: „Þú mátt ekki drekka svona. Þetta er eitur.“ Þremur árum síðar ældi hann sjálfur út um gluggann á herbergi þeirra bræðranna í frosti um nótt. Ælan var þar fram að næstu hláku.

## Skálabrekka

En mamma lét ekki staðar numið. Hún hafði fram að þessu haft aðsetur sitt á fyrstu hæðinni, í þrengslum. Þar v[oru] fjölskyldan og þrjónavélarnar í einni kös, sem reyndar var hreyfanleg eftir aðstæðum. Nú var hún búin að fá alla miðhæðina, sem hafði verið í leigu, og flutti heimili sitt þangað. Árni og Sveinn fengu herbergi saman, sem sneri að götunni, en ég svaf í minna herberginu ásamt mömmu. Og nú var farið að kaupa. Mamma fjárfesti í veglegum dönskum mublum, bólstruðum sófa og tveimur hægindastólum. Einnig glæsilegum útskornum bókaskáp, skrifborði og stól, sem pössuðu við hin herlegheitin. Síðast v[oru] keypt sófaborð og innskotsborð með steindum flísum og rósamynstri.

Þá var auglýstur sumarbústaður við Þingvallavatn, sem hún keypti, því að hún sá að slíkur bústaður væri nauðsynlegur fyrir sig og börnin til að komast út úr bænum um helgar. Þá vantaði bara farartæki, en það reddaðist eins og annað. Farið var að flytja inn landbúnaðarjeppa, sem bændur fengu úthlutaða, en þá var allt skammtað. Æskuvinur mömmu úr Skagafirðinum var í úthlutunarnefndinni og hún fékk jeppa. Veidileyfi í vatninu fylgdi bústaðnum, svo nú vantaði bát, sem var snarlega keyptur og honum fylgdi utanborðsmótor.

## Bréf dagsett 15. janúar 2006 – spurst fyrir um Sigurð og Önnu

Kópavogi, 15. jan. 2006

Sæll og blessaður!

Pakka þér fyrir gott bréf og kærkomnar upplýsingar um huldufólkið Sigurð og Önnu, sem komu inn í líf föður míns þegar hann var á barnsaldri og veitti honum gæfu og gengi. Mig hefur lengi langað til að vita eitthvað um þau, hver þau voru og hvaðan þau komu í Garð, en engin svör fengið. Mínir elskulegu og ættfróðu frændur í Mývatnssveit hafa ekki getað eða viljað gefa mér neinar slíkar upplýsingar. En ég man

eftir Önnu sem hljóðláttri, gamalli og lúinni konu, sem lá í kör. Hún dó þegar ég var sex ára og var jarðsett í Snartarstaðakirkjugarði. Ég veit ekki mikið um líf hennar eða Sigurðar, aðeins glefsur sem hér fara á eftir.

Anna stóð á sjötugu þegar hún kom með föður mínum, móður og tveimur systur mínum til Kópaskers í júlí 1921. Hún hafði þá ekki séð móður mína nema einu sinni, þ.e. í Mývatnssveit þremur eða fjórum árum áður. Dæturnar voru Anna fædd 1918 og Jórunn fædd 1920. Jórunn var því tæplega eins árs og varð strax yndi Önnu og eftirlæti. Mömmu samdi vel við tengdamóðurina sem vann heimilinu vel meðan hún hafði heilsu til. Ég kynntist henni lítið, var of ung, og hún of lasin og þreytt, en ég held að hún hafi ekki verið sérlega hlý kona, en jarðbundin og sterk. Hún var myndarleg í húsverkum og tóvinnu, sem kom sér vel, því að allur fatnaður var unninn heima og heimilið stækkaði ört. Þriðja dóttirin, Björg, fæddist 1924, fékk lómunarveikina á fyrsta ári og var sjúklingur þar til hún dó árið 1926. Þann 6. okt. 1925, eða réttum fimm árum eftir lát Sigurðar Guðmundssonar, fæddist síðan langbráður sonur og var skírður Sigurður. Þessa einkennilega tilviljun, ef það var þá tilviljun, vissi ég ekki um fyrr en ég fékk bréfið frá þér, því að þær upplýsingar sem ég hafði áður fengið reyndust rangar. Enn ein stúlkan, Jódís, fæddist 1927, Árni 1929, og yngstur er Sveinn fæddur 1931. Gestagangur var mikill í sambandi við starf pabba og því annir á heimilinu, sem Anna hefur áreiðanlega fundið mikið fyrir, þrátt fyrir að þangað kæmu fljótlega tvær vinnukonur.

Þær upplýsingar sem ég hef um líf Önnu áður en hún kom til Kópaskers og Sigurðar hef ég úr gögnum frá föður mínum, sem ég var svo heppin að fá við búskiptin, þegar mamma dó árið 1983. Það voru bréf sem hann skrifaði móður sinni, Guðbjörgu, á árunum 1910 til 1927, og hún hafði varðveitt. Einnig lítil svört vasabók, sem hann hafði eignast árið 1904, þá fjórtán ára gamall. Hún var notuð sem dagbók og var skrifuð með hléum fram til ársins 1910, en þá fór hann í Gagnfræðaskóla Akureyrar. Skrifin hófust 1. maí 1904. Hann er þá búsettur ásamt fósturforeldrum sínum í Álftagerði í Mývatnssveit, en hafði áður búið með þeim á Kálfaströnd. Framundan var að flytja í hálfa Geirastaði, sem þau höfðu keypt. Dagbókin fjallar fyrst og fremst um veður og fæðuöflun, en kuldi, jafnvel hríð og frost, stóðu fram á sumari í þessari harðbýlu sveit. Hann stundaði daglega það sem var lífsbjörg Mývetninga, dorg í gegnum ís. Síðar var dregið fyrir silung og eggjataka hófst, sem var stunduð með gát.

Sigurður tók alla þá vinnu sem hægt var að fá utan heimilisins, en það var aðallega á vegum prestsins. Að kvöldi 10. júní flutti Sigurður búslóðina með pramma í Geirastaði, en geisað hafði þá norðan stórviðri og mikla hríð gerði um kvöldið. Daginn eftir var hríðarlaust, en klofháir skaflar. Þann dag fara Anna og pabbi alfarin úr Álftagerði til Geirastaða. Sigurður tók á móti þeim og þau unnu við það til kvöldsins að koma búslóðinni upp í hús frá vatninu, í slæmu veðri.

Dagbókarskrif föður míns falla nú niður í fjögur ár, enda hefur verið annað við tímann að gera. Hann hafði fermst á hvítasunnunni um vorið [líklega 1904] og var þar með talinn sjálfbjarga karlmaður að þeirra tíma sið og fær um að fara til vandalausra, t.d. á sjó eða í vinnumennsku. En fósturforeldrarnir forðuðu honum frá þeim örlögum með kaupum sínum á Geirastöðum. Þann 26. apríl 1908 rekst hann á dagbókarbrotið, les það og hefur gaman af, en finnst það endasleppt. Segist ætla að bæta úr því eftir föngum og minnst lítilllega á veru sína á Geirastöðum. Hann tekur nú aftur upp þráðinn og skrifar eins og áður um veður og alls kyns bústang. Haustið 1907 settu þau á 50 kindur, 1 kú og kálf og 2 hesta, en ekki gerði betur en að heyin entust. Sumarið



1908 ríkir bjartsýni og byggt var langhús, 5 alnir að breidd og 4 á lengd, en um haustið vantaði afar illa af fjalli, eða 12 af 66, flest dilka. Þann 25.6.1909 falla dagbókarskrif hans enn niður fram til ársins 1910. Þá skrifar hann:

"Í dag er 21. febrúar 1910. Ég hef því ekki skrifað neitt í átta mánuði. Þeir hafa verið mér þungir í skauti eða fimm af þeim. Það var um tíma að ég vissi ekki hvort bæta skyldi við brot þetta, mér var ekki létt um að þurfa að hafa söguna eins og hún í rauninni er. Að lýsa nákvæmlega því sem gerst hefur get ég eigi, en aðeins punkta það helsta sem snertir sjálfan mig því nálega hefi ég hvorki gert né getað um annað hugsað nú um tíma ...

Hér hef ég þá hætt, því að nú er 5. júlí 1910. Nú vil ég reyna að skrifa það sem mig brast þrek til fyrir fjórum mánuðum síðan, enda er ég nú all hress í anda. Tek þar upp söguna er hún féll niður fyrir rúmu ári, en fyrst þarf ég að skýra ögn frá ástæðum. Geirastaðahelmingur okkar kostaði 1.160 krónur. Sigurður þurfti að taka til láns (í banka) 500 krónur til að borga. Síðan reisti hann sér hurðarás um öxl með því að byggja hér, sem minnst hefur kostað 400 krónur. Ýmis óhöpp með skepnur (kýr og hestamissir og fjár) ollu því einnig að vorið 1909 voru skuldir hans orðnar 12 - 1300 krónur og fastréðum við því að selja jörðina, sem okkur hefur aldrei líkað. Skyldi hún kosta 1600 krónur. Jón Marti var ekki frá því að kaupa, en þá gekk Sigurður Sigurjónsson fram og bauð að borga 1500 krónur fyrir hann strax. Þetta unnum við til til þess að fá peningana svo vissst og fljótt og var gert kaupbréf um fardaga og skyldi Sigurður hafa fjórðapart allrar jarðarinnar til ábúðar 1909-10. Brátt sáum við að við höfðum ekkert tveir að gera á 1/4 Geirastaða og fór ég því upp í Garð rétt fyrir sláttinn.

Síðan ég man eftir mér hefur það setið í mér að ég færi í Gagnfræðaskóla Akureyrar og það hefur Sigurður alltaf viljað. Þegar ég var á Kálfaströnd gat ég farið ef eigi hefði kjarkleysi ollað, en mest iðrast ég eftir að ég fór ekki á skólann úr Álftagerði. En sleppum því, slíkt sést aldrei til fulls. Úr Geirastöðum gat ég ekki farið ... fyrr en búið var að selja, en aðalástæðan fyrir sölunni var þó öll önnur þó þetta hafi ef til vill ýtt undir Sigurð.

Ég var nú í Garði allan sláttinn, mýrin var góð og við heyjuðum vel. Þurrkar voru svo stopulir að nálega kom enginn tryggur dagur, helst voru glæfur á sunnudögum, voru því hvíldir engar. Mér var ætluð mikil vinna, en enginn hreystimaður orðinn (lasleiki í Álftagerði fór illa með mig svo nálega er ég ekki samur maður enn). Fór þá svo um síðir að rétt fyrir göngur, mig minnir 7. september, veiktist ég snögglega, lækni var sóttur, var það liðagigt er að mér gekk. Meðul fékk ég sem skjótt eyddu mestu kvölunum, en samt sem áður lá ég í fimm vikur í Garði og batnaði lítið, gat varla snúið mér í rúminu og kreppti mig um hnén. Ekki get ég lýst þeim helvítis kvölum sem ég leið á sál og líkama. Fátækt og skuldir aðstandenda minna og dauft útlit í framtíðinni lömuðu hugann. Loks var ég fluttur ofan í Geirastaði og er ég hafði legið þar í fjórar vikur fór ég að reyna að klæða mig. Hafði mér smábatnað þó hægt færi, ekki gat ég staðið fyrstu tvær til þrjár vikurnar, en fór fram úr rúminu einu sinni til tvisvar á dag. Fór mér fram líkt og barni sem er að byrja að ganga. Um jól gat ég gengið stutta bæjarleið og batinn kom smátt og smátt. Fór til Akureyrar 1. maí og las. Tók próf og komst upp í annan bekk. Kom heim 24. maí. Fékk ég þannig fram áformum mínum þó nokkuð væri á annan hátt en ég ætlaði í fyrstu. Hvað þá hefði ég ekki veikt?"

Með þessari spurningu lýkur dagbókinni og ég veit ekki hvað við tók hjá Sigurði og Önnu. Þegar hér var komið sögu voru þau um sextugt, sem var hár aldur á þeim tíma,

en faðir minn tvítugur. Ég held að heill heilsu hefði hann ekki farið í Gagnfræðaskóla Akureyrar eins og hann gerði um haustið, heldur haldið áfram búskap í samvinnu við þau. Hann unni þeim og hann unni Mývatnssveitinni, landinu, vatninu, silungnum, fuglunum og meira að segja mývarginum og vonda veðrinu. Þetta kom fram í bréfunum sem hann skrifaði móður sinni. En örlögin tóku í taumana og völdu fyrir hann, og Sigurður og Anna studdu hann allan tímann. Svo rækilega að þegar Sigurður druknaði var faðir minn að ljúka embættisprófinu.

Þú spyrd í bréfi þínu hvort við eigum myndir af Önnu og Sigurði, en aðeins ein mynd er til af Önnu og fylgir hún hér með. Eins og fram kemur á bakhlið myndarinnar er hún tekin af henni í körinni, þegar hún er áttæð. Engin mynd er til af Sigurði í fórum okkar. Ég hafði ánægju af að lesa ættartöluna þína þótt ég þekki engan sem þar er nefndur. Líka að sjá að þú hefur áhuga á að vita eitthvað um fólkið sem er á bak við alla fæðingardagana og árin. Eins um Herborgu langömmu þína, sem átti það sameiginlegt með Guðrúnu Þorgrímsdóttur langömmu minni í Garði, að giftast náfrænda sínum, en þau voru bræðrabörn, og fædd sama dag og ár. Börn þeirra voru tólf og af þeim dóu níu í bernsku.

Að lokum segi ég eins og Mývetningar: „Vertu kært kvaddur!“

Jódís Jónsdóttur,  
Lautasmára 3, 201 Kópavogi.  
Sími 564 5425

[Jódís flutti af Lautasmára 3, á Sléttuveg 11, þann 1. maí 2006]

## Sléttuvegur 2009



Nú er árið 2008 liðið í aldanna skaut og aldrei það kemur til baka. Ég heilsaði því í byrjun með mikilli bjartsýni, eins og allir í góðærinu sem átti að endast og endast. Mottóið var orð lítillar stúlku, sem sagði: „Þetta verður ógeðslega skemmtilegt ár!“ Það var það líka fram til 6. október, þegar bankarnir fóru um koll og kreppan skall á. Ógeðslega leiðinlegt ár tók við. Vondum fréttum rigndi yfir eins og hellt væri úr fötu. Það var ekki hægt að opna útvarp eða sjónvarp, né lesa blöð, án þess að fyllast skelfingu, Ísland var farið á hausinn. Framundan blasti við fjöldagjaldþrot og atvinnuleysi. Fólk var hrætt og reitt. Fyrstu viðbrögð mín voru að taka út þá peninga sem lágu á lausu í Landsbankanum, kr. 360.000, og setja þá undir koddann. Sama gerðu aðrir því að sá sparnaður sem var í sjóðum var frystur. Fólk treysti ekki lengur bönkunum, íslenskar krónur hurfu af markaði og peningaskápar seldust upp.

Árið hafði liðið rólega fram að þessu. Helstu tíðindin voru þau að Stjáni slasaði sig á vinstri hendi um mitt ár. Fyrir mistök læknis varð hún ekki jafngóð, og það er mikið áfall fyrir smið. Hann hélt samt áfram að byggja sumarbústaðinn, sem er núna vel

Íbúðarhæfur. Vala kom og tók sumarfrí í júlí og Tína hringdi og tilkynnti að hún ætlaði að gifta sig í byrjun ágúst, en það dróst fram til 30. ágúst. Þetta var afleitur tími fyrir Möggu og Pálu, sem voru þá búnar með sumarfríð og gátu aðeins verið burtu í 4 daga. Mér fannst ekki taka því að fara fyrir svona stuttan tíma og var heima ásamt eiginmönnum. Þetta var dýrt spaug fyrir blankar fjölskyldur og ég var lasin. Hafði stöðugan niðurgang. Hörður minn kom mér inn á Sankti Jósefsspítala 15. sept. þar sem ristillinn var hreinsaður út. Jónína Benediktsdóttur hafði yngt sjálfa sig upp og aðra útvalda í Póllandi með slíkum hreinsunum, svo að þetta þótti bara smart aðgerð, en var löng og andstyggileg. Ristillinn reyndist heill og niðurgangurinn hvarf.

Ég var á gamlárskvöld [2008] hjá Pálu og Stjána í Viðarásnum eins og venjulega, ásamt Settu. Við sátum þarna, drukkum rauðvín í hruninu, og bárum okkur vel eins og Íslendingum sæmir. Ég var að skríða uppúr vondu handleggsbroti, var búin að sitja á stól bjargarlaus, með niðþungt gifs á hægri öxl og handlegg frá 28. október fram á Þorláksmessu, en komst þá í sturtu og fékk meira að segja permanent hjá Erlu. Mér fannst, þegar hér var komið sögu, að ég persónulega væri í góðum málum. En ekki skorti vond mál. Búið var að segja Stjána upp vinnunni og Vala var atvinnulaus í Danmörku. Bankarnir voru farnir á hausinn og virtust ætla að draga þjóðina með sér, og allt var í uppnámi. Kolsvörtum fréttum rigndi yfir okkur úr fjölmiðlunum og það var varla glætu að sjá, þangað til elsku litla Tína tilkynnti að hún væri ólétt, ekki bara að einu barni, heldur tveimur. Þetta var mikil gleðifrétt og vonandi fyrst af mörgum. Halla var edrú um kvöldið og fékk lánaðan Sírioninn minn, sem Magga hafði haft á meðan ég var í brotinu, og hún ók okkur Settu heim á skikkanlegum tíma.

Og nú tók janúar við og lífið fór í sínar föstu skorður eins og fyrir brot. Dem hafði áður séð um svokallað innlit fyrir heimilishjálpinu sem er veitt þeim sem geta ekki hjálpað sér sjálfir. Hún mætti klukkan níu á morgnana og eldaði hafragrautinn, gaf mér lýsi, vítamín og síðan kaffi, og vaskaði upp. Helga forstöðukona færði mér hádegismatinn með stæl á dúkuðum bakka. En nú gat ég sjálf og þakkaði fyrir mig. Fékk svo flensu sem byrjaði með hálsbólgu. Þá kom næsti engill, Sóley hjúkka, með recept á sýklalyf frá Dóru. Hún vigtaði mig og ég var 56 kíló, sem henni fannst of lítið, og sótti um og fékk næringardrykk handa þessari kvenpersónu sem var alltaf að ná sér upp eftir beinbrot.

Magga og Pála komu í kaffi á bóndadaginn. Þær voru báðar þreyttar. Búið er að fjölga í bekk hjá Möggu, sem kostar hana meiri vinnu fyrir sama kaup. Þetta voru atvinnuleysingar, en þeim fjölgaði ört eftir hrúnið í fyrra. Halla var búin að losa sig við Kristján, sem henni fannst ekki nógu sætur eftir að hún kynnist Kristófer hennar Tínu, og náði sér í nýjan og sætan kærasta sem heitir Ægir og er sjómaður. Hann er í landi vegna blóðeitrunar á hendi. Hún bjó áður í íbúð Kristjáns, en flutti nú í íbúð Kristins Axels. Hún er búin að sjá foreldra nýja kærastans, svo þetta virðist efnilegt. Vitastígurinn er í leigu. Búið var að segja Stjána upp frá 1. febrúar, en á seinustu stundu bað Bygg hann að vinna næsta mánuð. Pála vakir nótt eftir nótt. Er að bíða eftir að Atli komi heim. Ég hringdi í Völu. Hún var búin að vera á skíðum á Ítalíu með Þorsteini og fjölskyldu. Henni er farið að leiðast aðgerðarleysið, en enga vinnu er að fá.

Spilað var hjá Diddu. Sveinn og Sigurlaug keyrðu mig. Sveinn er búinn að vera mjög þjáður í fæti eftir að skipt var um hnélið í nóvember s.l. Hann er hjá sjúkrahjálfa, gengur alla stigana í Godheimum og er að sálast á eftir. Honum batnaði mikið þegar hann hætti hjá sjúkrahjálfa, sem hafði gengið nærri honum. Sigurlaug bjó til heilsudrykk handa honum, sem hún sagði að hafi haft góð áhrif, og hann fór að þjálfast sig sjálfur í sundi og heita pottinum.

Ragna hefur verið þjáð af gigt í baki og mjöðmum og talsverð veikindi [eru] í húsinu. Anna, kona Guðmundar sem vann með mér hjá Samtökunum, dó í mánuðinum og einnig Halldór, maður Hallgerðar vinkonu minnar og skólasystur. Þau höfðu bæði verið lengi veik. Ég var hressari nema fæturnir voru ekki nógu góðir. Ég las mikið mér til mikillar ánægju. Elskaði að sitja í Lazy boy á kvöldin og lesa. Þegar kom að mánaðarmótum sagði Pála mér þau gleðitíðindi að Stjáni fengi vinnu einn mánuð í viðbót. Ferma á tvíburana 9. apríl.

## Dagbókarskrif 2009

Ég tók nú þá ákvörðun að hefja alvöru dagbókarskrif af því að mér finnst svo gaman að vinna á tölvunni.

Mánudagur 26. jan. 2009.

Ég fór niður og spilaði í Selinu eftir hádegi. Var lasin og utan við mig og klúðraði samlagningunni á blaðinu. Hulda tók eftir þessu og mér fannst þetta ekki nógu gott. Ég er orðin sljó og gleymin. Gæti stafað af róandi lyfjum sem ég tek á nóttunni til að geta sofið. Þarf að athuga. Skera niður. Ég er líka afar slöpp eftir flensu, magaverk og tvö handleggsbrot.

Þriðjudagur 27. jan.

Rut þessi elska kom kl. 10 og baðaði mig og setti rúllur í hárið. Það er mikið um að vera í þjóðfélaginu, gamla stjórnin er fallin og ný stjórn Steingríms og Ingibjargar í burðarliðnum. Pála hringdi. Var að bíða eftir að sækja Atla í skólann. Henni finnst hann erfiður. Ég er hress í dag. Tek núna Seretide líka á eftirmiðdögum til að losna við andarteppuna. Ég talaði við Diddu mágkonu. Hallgerður hringdi. Er að sækja um vist í Hveragerði til að jafna sig eftir fráfall Halldórs. Ég spái í hvort ég ætti að fara með henni. Góður dagur.

Miðvikudagur 28. jan.

Ég svaf í einum dúr til kl. 5 í morgun og vaknaði hress. Gekk sex ferðir á ganginum í fyrsta sinn síðan ég handleggisbrotnaði. Tók svo til í skápunum í anddyrinu, án þess að geta það, og hvíldi mig vel á milli. Magga ætlar að kaupa inn fyrir mig á föstudaginn og koma svo í mat með Má sinn

Fimmtudagur 29. jan.

Svaf illa í nótt og var slöpp með andarteppu í dag. Gunnlaugur nágranni var sóttur í sjúkrahúsi af sömu orsökum. Held að ég hafi stússast of mikið í gær og gekk ekki í dag á ganginum heldur fór í bókhaldið. Borgaði reikninga í gegnum Landsbankann. Skoðaði eign mína hjá VSB, sem ég hélt að væri töpuð, en hún var enn til, en hafði minnkað um helming. Ég sagði þeim að selja bréfin og leggja andvirðið inn á reikning minn hjá Byr. Ragna er þjáð af gigt. Lóa kom í heimsókn.

Föstudagur 30. jan.

Það er snjór yfir öllu, logn og sól. Mjög fallett. Verið er að ljúka stjórnarviðræðum Samfylkingar og Vistri grænna. Guð láti gott á vita. Ingibjörg Sólrún er sjúk og dregur sig í hlé, en Jóhanna Sigurðardóttir verður forsætisráðherra og Steingrímur fjármálaráðherra. Semsagt heiðarlegt fólk til tilbreytingar. Ég gekk sex ferðir á ganginum í morgun. Hitti Stefán sem er að fara til Flórida í dag ásamt Elsu sinni. Koma

aftur í vor. Magga og Már keyptu inn fyrir mig bjór og mat og Magga náði í buxur og vesti í hreinsun. Keypti síðan fisk hjá Fylgifiskum í mínu boði og við horfðum síðan á Útsvar. Þau voru yndisleg eins og venjulega.

Laugardagur 31. jan.

Spilaklúbbur var hjá Diddu. Klúbburinn var finn, en við Sveinn vorum hölt og skökk. Hann hefur horast, en ber sig vel þrátt fyrir verki.

Sunnudagur 1. mars

Mér hefur fundist marsmánuður hafa verið órólegur gegnum árin í lífi mínu eins og þegar uppákoman varð á milli okkar Stínu. Ég átti mjög bágð með að skilja það á sínum tíma þegar hún, eftir aldarfjórðungs vinskáp, allt í einu var hætt að treysta mér. Ástæðan var að hennar sögn [sú að] ég hafi ekki skilað henni einhverri bók á tímabilinu, sem ég vissi ekki að ég hafi fengið lánaða, og hún gat ekki sagt hvað hét. Vinátta mín var sumsé ekki einnar bókar virði. Ég skildi ekki málið og sárnaði. Tengdi þessa uppákomu því að hún hafði verið í afmæli Þórdísar hjá Þórði og Huldu daginn áður, og taldi þessa árás á heiðarleika minn stafa af einhverju sem hafði verið þar á dagskrá. Fattaði svo að þetta var hennar fjölskylda. Hún tilheyrði hinu liðinu og var loks farin að skilja það. Þetta voru endalokin á úppgærdri sorgarsögu sem byrjaði með gulli og glysi, en endaði með flóttu. Og hver fór til síns heima. En þessi sunnudagur var rólegur og ljúfur. Ég hitti Huldu á ganginum og við fórum inn til Rögnu.

## Bloggtilraun 2009

Þriðjudagur 1. september 2009

Veðrið er fallett og gott eins og það hefur verið í allt sumar. Lok hundadaga breyttu þar engu um. Rut mín kom seint, hefur mikið að gera við að baða og hlynna að. Hún slapp vel í þetta skipti, þurfti hvorki að þvo mér um hárið, né setja í rúllur, vegna væntanlegrar klippingar og hárgreiðslu á morgun. Ég borðaði fiskbollur og súpu niðri og fór síðan út ganga eftir fréttir og smálúr. Hitti Evu Sturlu og Guðna hennar sem fékk að ganga við hliðina á henni aldrei þessu vant, en ekki í humátt á eftir. Þau ganga rösklega og eru iðin við það. Ég tók hringinn í kringum Sólvog og mætti Evu og Guðna aftur og manni í rafknúnum stól. Ég bauð honum góðan dag, en hann beit saman tönnunum og sá mig ekki. Er sennilega úr SEM-húsinu. Síðan kom kona á hraðferð með göngugrind. Hún er með gigt og býr í Sólvogi. Ég lauk hringnum og gekk síðan gegnum garðinn okkar að salnum. Þar var Eva úr eldhúsinu að fá sér smók, áður en kaffítíminn brestur á. Er búin að setja tóma fiskbolludós á borð undir stubbana. Dósin stingur í augu á sólpallinum, virkar sóðaleg og fráhrindandi. Ég hitti systur Gunnlaugs, sennilega framsóknarmanns, sitjandi í anddyrinu. Hún er nýkomin í húsið, aðlaðandi kona sem var að bíða eftir dóttur sinni. Hún ber ættarnafnið Cortes og er gift tónlistarmanni, sem er á spítala. Var að fara að skoða nýtt barnabarnabarn. Það er strákur. Ég fór upp og þá kom maður með sendingu frá Diddu vinkonu á Valþjófsstöðum. Bláber sem tínd voru á æskulóðunum. Sendillinn sagðist aðspurður heita Björn Bjarnason og vera sonur Dúdúu. Takk öll. Yndislegur dagur og ég er hamingjusöm og full af súrefni.

Miðvikudagur 2. sept.

Sóley var búin að boða komu sína kl 10.30, en gleymdi tímanum. Ég hringdi í hana og spurði um blóðprufurnar. Hún sagði að járníð væri fínt, lyfið hafi ekki brugðist. Ég tók reyndar ekki lyfið, heldur lifrarpylsu með hafragrautnum, en sagði henni það ekki.

Sökkið var líka gott. Ég fór niður og borðaði, en á meðan kom strákurinn sem leysir Dem af og þreif íbúðina. Gerði sólskálann og svalirnar fínar og ég hrósaði honum. Hann gladdist, fær kannski ekki mikið af slíku, enda tælenskur karlmaður í kvennastarfi. Fór síðan til Erlu og hún klippti mig og lagði hárið. Sagði að ég hefði góða nærveru og ég sagði: „I love you too.“ Lóa kom klukkan hálf fimm og spurði í hundradasta skiptið hvort ég væri búin að fá bjórinn minn. Þetta á víst að vera eitthvað sniðugt, en mér leiðist þetta tuð. Ætti frekar að segja eins og er. Að hún sé einmana og leið - og langi í félagsskap og smáspjall.

Fimmtudagur 1. okt.

Það er ekki verra en vant er, bloggið gleymdist, tíminn leið á flughraða og nú er kominn nýr mánuður. Veðrið er gott í dag og ég var aldrei þessu vant búin að ákveða dagskrá dagsins. Að fara og sækja föt í hreinsun og í Elko. Kalli húsvörður vinur minn var búinn að fræða mig um hvað ég ætti að gera í rafmagnsmálum heimilisins. Tvær 60 watta perur í ganginum höfðu ekki dugað nema í mánuð og hann sagði að ráðið við því væri að kaupa sparperur. Síðan var ég loksins búin að uppgötva það að í útvarpinu, sem Vala mín gaf mér í hitteðfyrri, er gert ráð fyrir batteríum, en þau fylgdu ekki með.

Kalli ráðlagði mér að fara með útvarpið í verslunina og fá rétta stærð og ég gerði það. Þetta lukkaðist allt ágætlega og þegar ég kom heim hringdi Pála og bauð sér í kaffi. Hún var að ná sér eftir samtal við skólastjórann sinn, sem vildi ekki gefa henni frí til að fara til Danmerkur í nokkra daga. Maddý fornvinkona hennar er að deyja úr krabbameini og Pálu langar til að kveðja hana. Pála var öskureið við stjórann, en taldi upp að tíu og málið er í biðstöðu eftir samtal við starfsmann stéttarfélags hennar. Ég vil sátt.

Föstudagur 2. okt.

Það er rok og dimmt yfir. Ég fór seinna en venjulega niður til að ná í blöðin fyrir okkur stöllum á fjórðu hæðinni; Lóu, Rögnu og mig. Hef hingað til náð í þau strax á eftir þvotti og tannburstun, íklædd glansandi gulum sloppi sem vekur óskipta athygli þeirra fáu sem fara snemma á fætur. Ástæðan fyrir þessum æðibunugangi mínum, að láta þetta ekki bara bíða þangað ég er búin að borða, taka pústin og klæða mig, er sú að 365 miðlarnir standa á brauðfótum eins og fleiri, og of fá Fréttablöð berast. Ég er sumsé að hamstra blöð sem klárast löngu fyrir hádegi. En nú er komin [upp] ný staða. Ég hef alltaf verið áskrifandi að Mogganum og hann kom í póstkassann minn. Ragna vildi fá að vera með og borgaði hálf gjald. Ég var með lyklana og sótti blaðið og las það fyrir hádegi, en líkaði alls ekki þetta vesen að vera tímabundin henni í sambandi við að ná í blaðið og lesa það. Vil lesa það á kvöldin, en það gekk ekki upp. Það var því happ fyrir mig þegar Mogginn fór á hausinn, var endureistur af almannafé, til að missa ekki af vinsælum minningargreinum, og fékk atvinnuforstjóra sem er búinn að setja mörg fyrirtæki á hausinn. Hann heitir Óskar Magnússon og byrjaði á því að reka ritstjórann og 40 aðra starfsmenn - og ráða Davíð Oddsson í djobbið ásamt Haraldi Jóhannessen, sem minnir á feikn óvinsælan Ríkislögreglustjóra. Ég, og fjöldi annarra áskrifenda, trúðum því ekki að hagsmunir almennings væru í fyrsta sæti hjá þessum mönnum og sagði [ég] blaðinu upp frá 1. okt. Í morgun barst mér svo bréf frá þessum nýju ritstjórum, sem buðu mér fría áskrift að Mogganum í mánuð til að sanna hvað þeir eru yndislegir. Ég afþakkaði og er fegin að vera laus við blaðið og pressuna. Vil ráða mér sjálf.

Laugardagur 3. okt.

Falleg veður, sól, en kalt. Ég hlustaði á þáttinn Vikulokin sem snerist um Icesave, eins og venjulega. Borðaði síðan skyr með rjóma og bláberjum sem Didda vinkona sendi mér af rausn sinni. Hugsaði einu sinni enn að ég yrði að endurgjalda. Senda henni konfekt, en hraus hugur við að leggja út í viðskipti við þennan nýja Íslandspóst, sem er búinn að leggja niður öll pósthús sem ég þekki. Fór út að ganga og gekk í kringum Sólvog og var svo hress þegar ég kom heim að ég bætti við stigaæfingu. Gekk niður allan stigann og tók svo lyftuna upp. Lóa kom í spjall og síðan hélt ég upp á laugardagskvöldið með því að borða afgang af tailenskum mat, frá síðustu heimsókn Más og Möggu. Síðan ís og glas af rauðvíni. Þetta var góður dagur. Takk.

Mánudagur 5. okt.

Þetta er mikill afmælisdagur og ég þekki þrjú afmælisbörn. Fyrst Öddu, sem ég hef verið samferða í sextíu ár, fyrst á skrifstofu ríkisspítalanna og síðan í saumaklúbb. Ég hringdi í hana og óskaði henni til hamingju. Fékk að vita að hún og Tryggvi eru alltaf jafn hress, brennivín, fátækt og krabbamein er löngu að baki - og hún hjólar og hleypur enn. Síðan kemur Hallgerður skólasystir mín úr Versló, sem ég kynntist fyrst árið 1944. Við hittumst síðan eftir öll þessi ár í Lautasmára. Hún er nýbúin að missa Halldór, sem var eiginmaður hennar og besti vinur. Hann var lengi veikur og hún er ekki búin að ná sér. Þriðja afmælisbarnið er 75 ára í dag. Hann heitir Friðrik og er rafvirki, átti heima á Siglufirði, en er fæddur í Fljótunum. Hann bjó síðan í Reykjavík ásamt konu sinni sem var á spítala í nokkur ár vegna Alzheimer. Hún er nú dáið og hann flutti hingað á Sléttuvegin fyrir tveimur árum. Hann borðar við sama borð og ég og situr við borðsendann. Friðrik er þrúður maður og mikill herra. Við hlið hans situr Ingibjörg Waage sem er 95 ára og mikil dama. Hún klæðir sig upp á hverjum morgni og lætur ekki sjá sig án eyrnalokkana, ásamt nælum og festum. Friðrik stjarar við hana og samspil þeirra er yndislegt. Þetta er eins og að vera í franskri hirðveislu.

Þriðjudagur 6. okt.

Veðrið er leiðinlegt, en þetta er merkisdagur vegna tveggja afmæla. Fyrst er afmæli Sigga, týnda bróður míns, sem hefur verið í fýlu við fjölskylduna síðan árið 1983 vegna barns, sem hún [þ.e. fjölskyldan] kenndi honum, sárasaklausum. Aðalpersónur í þessu dramatíska barnsfaðernismáli eru reyndar löngu dauðar, þ.e. mamma, Árni, Jórunn og Anna. Sveinn hafði vit á að koma ekki nálægt málinu og var því sýknaður, og ég er því ein eftir á lífi af sökudólgunum. Sigggi verður 83 ára í dag og er haltur, en ennþá uppistandandi. Annað afmæli, og öllu merkilegra, er afmæli HRUNSINS mikla sem er ámsgamalt í dag. Allir fjölmiðlar eru stútfullir af frásögnum af þessum degi og myndum af aðalpersónunni Geir Haarde - þar sem hann biður Guð að blessa Ísland. Hefði reyndar átt að biðja Guð að hjálpa Íslandi og forða því frá Davíð og Sjálfstæðismönnum. Ég var hress, gekk 7 ferðir á ganginum og fór svo í Elko til að láta þá lagfæra útvarpið. Eftir að þeir skiptu um batterí hefur það vakið mig á hverri nóttu stundvíslega klukkan 2:35, en það var tíminn sem batteríin voru sett í tækið, nema hvað þá var dagur. Þetta tókst og ég fór heim full af energí - og rauk í að stytta svörtu og víðu buxurnar mínar. Þær eru orðnar ansi gamlar, en þægilegar. Aldrei þessu vant var það ekkert mál að þræða nálina. Rannveig kom í heimsókn og síðan Lóa og Ragna.

Miðvikudagur 7. okt.

Sóley kom klukkan 10:30. Ég var reyndar búin að gleyma því að hún ætlaði að koma. Hún var mjúk og elskuleg, tók súrefnismettunina, sem var 91, og vigtaði mig og ég er 56,3 kg eins og venjulega. Annars rabb. Ég fór í Nóatún eftir hádegi og keypti inn vegna þess að spád er mjög vondu veðri. Þegar ég ætlaði að borga var búíð að loka

fyrir heimildina á Vísanu. Mér brá ekki, er vön ruglinu í Landsbankanum, sem veit ekki að [viðskiptavinirnir] eiga alltaf að hafa rétt fyrir sér. Fór heim með vörurnar og síðan í heilsugæsluna í Kópavogi vegna bólusetningar. Þegar ég var að fara út sá ég konu sitjandi einhvern veginn samanfallna á stól. Þetta var Hallgerður vinkona mín, en breytt; hárið óhreint og tætingslegt og andlitð fölt og tekið. Ég fékk fyrir hjartað af sektarkennd [yfir] því að hafa ekki haft samband við hana af fyrra bragði í þessi þrjú ár síðan ég flutti úr Lautasmáranum. Hressileikinn sem hefur einkennt hana var farinn og hún sagðist vera einhvern veginn mygluð. Theódóra vinkona hennar hefur greinilega fækkað samverustundunum. Ég sagði auðvitað að nú ætlaði ég að hringja til hennar, sem ég geri annars aldrei. En ætla að gera það nú. Ekki að vera svona mikil mannafeila. Ég fór í Landabankann í Kópavogi á heimleið og talaði við Sólveigu þjónustufulltrúa, sem hafði ráðlagt mér að skipta um reikning og færa innborganir og Vísa á svokallaðan P-reikning í aðalbankanum. Þar eru vextirnir núna tæp 8%, sem gera 3% tap miðað við verðbólgu. Þetta er samt betra en að vera með seðlana undir koddanum. Sólveig hafði ekkert gert í því að færa á milli reikninganna, sem hún þóttist ætla að gera, og því var allt í uppnámi. Og nú ætlar hún að láta til skarar skriða. Og ég ætla að sjá til.

Talaði við Pálu sem er að fara út til Kaupmannahafnar á morgun, en er hætt að finnast það vera sniðugt. Vona að það hafi ekki slæmar afleiðingar í kreppunni.

Fimmtudagur 8. okt.

Það er hið versta veður, rok og rigning. Ég frétti í matartímanum að Lóa hefði misst meðvitund í morgun, dottið á baðgólfið og rekið höfuðið í þröskuldinn. Það sprakk fyrir og blæddi. Svanhildur, sem býr í íbúðinni fyrir neðan hana, heyrði skellinn og fékk Kalla með sér til hennar. Óli sonur hennar fór síðan með hana á spítala. Ég var heima og bloggaði mér til gleði og ánægju. Las síðan ævisögu Ólafs Thors eftir Matthías Jóhannessen. Finnst hún ekki nógu góð. Einhvern veginn grautarleg.

### Jólagjafir o.fl. [2010]

Ragna	Sherry
Rannveig	Konfekt
Cristina og fjölskylda	Ikr. 40.000
Vala	Kristín Steinsdóttir LJÓSA
Magga	Lopapeysa
Már	Bók
Halla Dögg og fjölskylda	Kr. 30.000
Pála og Stjáni	Kr. 20.000
Atli Freyr	Kr. 10.000
Ivar	

**NORDEA 1.1.2008.** Reikningsnúmer 2268 54982 58230. Depotnúmer 1005 490 606.

Keypt skuldabréf:

4.9.2006 3.39 Nordea Kredit Ciborg OA2011 4 afb. 198.457.86

4.9.2006 4.00 Realkredit Danmark INK 2012 1 afb. 194.420.27

29.10.07 4.00 Realkredit Danmark INK 2012 1 afb. 19.174.47

20.12.07 4.00 Realkredit Danmark INK 2012 1 afb. 191.958.16

Samtals:

Nordea Kredit Ciborg 198.457.86

Realkredit Danmark 405.552.90

Samtals: 604.010.76



Skuldabréf samtals: 604.010.76 dkr.  
7.514.500 ikr.

Á bankareikningi: 19.440.89 241.864

Samtals: 7.756.364 ikr.

**NORDEA 1.12.2010**

Keypt 400 Nycredit.	100.000.00	102.825.00	102.825.00	1.028.50
---------------------	------------	------------	------------	----------

**NORDEA 22.9.2010**

	Nafnverð	Kaupverð	Gengi	Saldó
Keypti 400 Nykredit 2028	Dkr.100.000	102.825.00	102.825	0
Keypti Nordea Invest Virksomhedsoblig Hojrente	Antal stk 725	69.890.00	96.40	
Keypti Nordea Invest Höjrentelande	Antal stk.425	49.130.00	115.60	
Keypti Nordea Credit Ciborg	190.125,96	190.411.15	100.15	

**NORDEA 1.12.2010**

	Nafnverð	Kaupverð	Gengi	Saldó
Keypti 400 Nýkredit dkr.	100.000	102.825	102.825	1.028.25
Seldi Nordea Credit Ciborg.	190.125.96	190.411.15	100.15	285.19
Keypti 4.00 Realcredit Danmark.	120.000.00	119.340.00	99.45	660.00
Keypti 2.00 Realcredit Danmark.	160.000.00	161.952.00	101.22	1.952.00

**NORDEA 1.12.2010**

	Nafnverð	Kaupverð	Gengi	Saldó
Keypt 400 Nycredit.	100.000.00	102.825.00	102.825.00	1.028.50

**NORDEA 22.9.2010**

	Nafnverð	Kaupverð	Gengi	Saldó
Keypti 400 Nykredit. 2028 dkr.	100.000	102.825.00	102.825	0
Keypti Nordea Invest Virksomhedsoblig. Hojrente. Antal stk. 725.	69.890.00	96.40		
Keypti Nordea Invest. Höjrentelande. Antal 425 stk.	49.130.00	115.60		
Key. Nordea Credit Ciborg.	190.125,96	190.411.15	100.15	

**NORDEA 1.12.2010**

	Nafnverð	Kaupverð	Gengi	Saldó
Keypti 400 Nykredit. Seldi Nordea Credit	Dkr.100.000	102.825.00	102.825,00	1.028.25

Ciborg.	190.125.96	190.411.15	100.15	285.19
Keypti 4.00 Realcredit Danmark.	120.000.00	119.340.00	99.45	660.00
Keypti 2.00 Realcredit Danmark.	160.000.00	161.952.00	101.22	1.952.00

[Allt þetta efni fann ég í tölvu Jódísar. Hún hafði reyndar beðið mig um að halda því til haga. Hornklofar eru mínir. Ef efni er tvítekið setti ég síðari greinina innan sviga. Ég lagaði kommuþingingu á einstaka stað til að auðvelda lestur. Leiðrétti jafnframt flestar innsláttarvillur. Sumar fyrirsagnir eru Jódísar, aðrar mínar. Ég reyni að setja efnið í rétta tímaröð, en ekki er víst að það hafi alls staðar tekist.

Már Viðar Másson 2015.12.01]